

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. janúar 2006 — 29. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

UNIFEM í þrjátíu ár

Afmælisári UNIFEM var hleypt af stokkunum með því að tilnefna leikkonuna og óskars-verðlaunahafann Nicole Kidman velgjörðarsendihera samtakanna.

TÍMAMÓT 56

Að gúgla

Merkilegt er að sjá þegar lærdir málfræðingar nota ekki fágæt tækifæri til að taka þátt í eilifri sköpun íslenskrar tungu, heldur láta sem búið sé að loka málinu fyrir nýjum orðum, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 18

Dropi í hafið

Kýótó-sáttmálinn er álíka gagnlegur í baráttunni gegn loftslagshlýnun og lek vatnsfata gegn skógareldi, að mati Guðmundar Harðar Guðmundssonar, meistaranaema í umhverfisfræðum.

UMRÆÐAN 19

Tap gegn Ungverjum

Íslenska landsliðið í handbolta tapaði gegn Ungverjum í lokaleik C-riðils á Evrópu-mótinu í Sviss í gær. Úrslit leiksins skipta þó ekki máli og liðið fer áfram í milliriðil með þrjú stig.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG

ROFAR TIL Í dag verður suðvestlæg átt. Yfirleitt fremur hæg. Rigning í fyrstu suðaustan til en úrkomuminnna síðdegis. Hætt við smáskúrum vestan til en rofar til á Norðaustur- og Austurlandi. Hlýtt í veðri.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL 25-45 ÁRA

Húsnæðisleitin hefst í Fréttablaðinu

31%

Fréttablaðið

Alt-fasteignir á mánudegi

16%

Mbl.

Fasteignablað Morgunblaðsins

\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.

# Ótímabært að ræða um hækkun launa

Formaður Starfsgreinasambandsins telur rými vera að skapast fyrir umræður um endurskoðun kjarasamninga. Aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir umræðu um endurskoðun kjarasamninga ótímabæra.

**LAUNAMÁL** Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, á von á því að viðræður um endurskoðun launasamninga við Samtök atvinnulífsins muni fara fram á næstunni í ljósi þess að sveitarfélögin telja sig geta hækkað lægstu laun um tólf prósent. „Í ljósi þess að launanefnd sveitarfélaga er að boða þessar breytingar nú á miðju samningstímabili, og í raun á upphafstíma samningstímans hjá mörgum, þá myndast rými til þess að ræða það hvort það sé tímabært að hækka lægstu laun.“ Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdarstjóri Samtaka atvinnulífsins, segir það ekki vera tímabært að ræða um endurskoðun launasamninga. „Það er ekki komin upp staða sem gefur tilefni til þess að ræða um þessi mál. En samningar Reykjavíkurborgar um

launahækkunar hafa nú keðjuverkandi áhrif á launamyndun í landinu, eins og við bentum á þegar þeir samningar voru undirritaðir. Það er ekki tilefni til þess að hefja viðræður um viðbætur á samningum sem eru bundnir og lokaðir.“ Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að hækkunar eins og launanefnd sveitarfélaganna hefur lagt til, muni ganga upp allan launastigann sem muni leiða af sér að þeir sem hæstu launin hafa hækki mest í krónum talið. „Reynslan er einhlít að því leyti að þegar launahækkunar eru með þeim hætti sem gerst hefur að undanfögnu, þá mun alltaf enda með því að þeir sem hæstu launin hafa hækka mest þegar upp er staðið. Ég ber þó virðingu fyrir starfi launanefndarinnar og hún

er svo sannarlega að gera sitt besta, í afar slæmri stöðu,“ segir Einar Oddur. Launanefnd sveitarfélaganna samþykkti að veita heimild til þess að hækka laun þeirra sem eru með 140 þúsund krónur á mánuði eða minna, um tólf prósent. Þeir sem eru með meira en 140 þúsund fá laun sín ekki hækkuð. Einar Oddur segir samninga Reykjavíkurborgar við Eflingu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hafa komið launaskriðu af stað sem sér ekki fyrir endann á ennþá. „Ég benti á það þegar samningarnir voru gerðir að þeir sem hæstu launin hafa muni hækka mest. Ég fékk nú bág fyrir þessa skoðun frá mörgum, en ég er sannfærður um að þetta verður raunin þegar upp er staðið.“ - mh



**SPRENGT VIÐ KIRKJUR** Íraskir slökkviliðsmenn sprautu vatni yfir vettvang bílsprengjutílræðis við kirkju ensku biskupakirkjunnar í Bagdad í gær. Slík tílræði voru gerð samtímis í gær gegn fjórum kirkjum í Bagdad og norður-írösku borginni Kirkuk. Auk þess var sprengt við sendiskrifstofu Páfagarðs. Þrír Írakar létu lífið í tílræðunum og níu særðust, að sögn lögreglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tarja Halonen endurkjörin forseti Finnlands:

## Sigur Halonen var naumur

**FINNLAND, AP** Jafnaðarmaðurinn Tarja Halonen var í gær endurkjörin forseti Finnlands í tvísýnni úrslitaumferð kosninga til embættisins. Halonen fékk 51,8 prósent atkvæða en keppinautur hennar, íhaldsmaðurinn Sauli Niinistö, 48,2 prósent. Kjörsókn var allgóð, eða 77 prósent. „Karlmaðurinn tapaði,“ sagði Niinistö er hann játaði sig sigraðan og smelti kossi á hönd Halonen. Halonen lýsti sigri sínum sem sögulegum, þar sem hún er fyrsti forsetinn í sögu finnska lýðveldisins sem nær endurkjöri í beinum kosningum. Þess er einnig minnst í Finnlandi um þessar mundir að



**SÁTT OG SAMLYNDI** Keppinautarnir Niinistö og Halonen fylgjast með fyrstu tölum í Helsinki í gærkvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

nærri öld er liðin síðan konur fengu kosningarétt og kjörgengi og urðu þar með fyrstar kvenna í heiminum til að hljóta slík réttindi. Frá því Halonen var fyrst kjör-

in forseti árið 2000 hefur hún notið mikillar lýðhylli og í fyrri umferð kosninganna fékk hún 46 prósent atkvæða.

Niinistö, sem er fyrrverandi fjármálaráðherra og bankastjóri, fékk aðeins 24 prósent þá og því þótti Halonen það viðurkenningarvert hversu nálægt hann var að slá henni við nú í seinni umferðinni. Tapani Vaahtoranta, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Finnlands, sagði að sigur Halonen býddi að öllum líkindum að Finnar gengju ekki til liðs við NATO á kjörtímabili hennar, það er næstu sex árin.

- aa



**DEILT VIÐ DÓMARANN** Saddam Hussein deilir við nýja yfirdómarann í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Réttarhaldið yfir Saddam:

## Fór í fússi úr réttarsalnum

**ÍRAK, AP** Réttarhaldið yfir Saddam Hussein snerist enn og aftur upp í hálfgerðan skripaleik er ný tilraun var gerð í gær að hefja það aftur eftir nokkurt hlé. Sakborningurinn og verjendalið hans fór í fússi úr dómsal, hrópaði „niður með landráðamenn“ og neitaði að þiggja nýja dómskipaða verjendur.

Nýr yfirdómari réttarins, Raouf Abdel-Rahman, reyndi að sýna festu við stjórn réttarhaldsins og hélt dagskránni áfram þótt sakborningurinn væri farinn og hlýddi á vitnisburð þriggja vitna sem ákærvaldið kvaddi til. Að því loknu var réttarhaldinu frestað fram á miðvikudag. ■

Ný verðlaun Fréttablaðsins:

## Veitir samfélagsverðlaun

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN** Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í fyrsta sinn þann 23. febrúar næstkomandi.

Lesendur Fréttablaðsins geta tilnefnt einstaklinga eða félagsamtök sem hafa með einum eða öðrum hætti lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Veitt verða verðlaun í sex flokkum. Aðalverðlaunin verða ein milljón króna.

- jóa/ sjá síðu 6

Komnir í loftið

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

591 3000





## SPURNING DAGSINS

Björn, er björninn unninn?

„Já, þessi björn að minnsta kosti.“

Björn Ingi Hrafnsson hreppti fyrsta sætið í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík á laugardag.

Herra Ísland sviptur titlinum:

## Harmar ákvörðunina

**FEGRDASAMKEPPNI** Ólafur Geir Jónsson, sem fyrir helgi var sviptur titlinum Herra Ísland 2005, segist harma ákvörðun eigenda keppninnar.



**SVIPTUR TITLINUM** Ólafur Geir Jónsson telur sig ekki hafa skaðað mynd Herra Íslands.

„Ég lít svo á að ég hafi ekki skaðað mynd Herra Íslands,“ segir Ólafur Geir í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær. Ólafur segist eingöngu hafa verið að sinna vinnu sinni sem þáttastjórnandi SplashTV og spyr af hverju honum hafi ekki verið greint frá því í upphafi keppninnar að þáttur hans ætti ekki samleið með titlinum.

Forsvarsmenn keppninnar telja Ólaf Geir ekki hafa staðið undir þeim væntingum að vera fyrir mynd fyrir ungt fólk í landinu. -jó

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugs málsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Óskar Bergsson frambjóðandi um prófkjör Framsóknarflokks í Reykjavík:

## Ekki viss hvort hann verður á listanum

**PRÓFKJÖR** „Ég byrjaði kosningarbaráttu mína fyrir hálfum mánuði en náði þúsund atkvæðum í fyrsta sætið á móti 800 hundruð atkvæðum Önnu Kristinsdóttur. Það er gríðarlega góður árangur,“ segir Óskar Bergsson um úrslit prófkjörs Framsóknarflokksins í Reykjavík. „Fólkið mitt vann vel á kjördag og ég er því þakklátur.“

Óskar, sem bauð sig fram í fyrsta sætið en hafnaði í því þriðja, komst ekki á blað fyrr en þegar tölur voru lesnar upp í fjórða sinn. „Það voru allt aðrar tölur sem komu upp úr utankjörfundaratkvæðagreiðslunni en þeirri almennu. Ég kann ekki að skýra

það.“ Óskar kveðst ekki hafa gert það upp við sig hvort hann tekur sæti á lista framsóknarmanna fyrir borgarstjórnarkosningar. „Frambjóðendur og kjörstjórn eiga eftir að setjast niður saman og þá kemur það í ljós.“

„Ég lagði ekki krónu í kosningarbaráttuna, en ég túlka þetta þannig að fólki hafi almennt hugnast mín áherslur,“ segir Ásrún Kristjánsdóttir sem sóttist eftir 2. til 4. sæti en varð í því fimmta. Hún uppskar hins vegar flest atkvæði allra frambjóðenda.

Ekki náðist í Önnu Kristinsdóttur borgarfulltrúa því hún hélt utan strax eftir prófkjörið. -bs

|                            | 1. sæti | 1.-2. sæti | 1.-3. sæti | 1.-4. sæti | 1.-5. sæti | 1.-6. sæti |
|----------------------------|---------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Björn Ingi Hrafnsson       | 1794    | 1960       | 2082       | 2150       | 2209       | 2319       |
| Anna Kristinsdóttir        | 816     | 1308       | 1628       | 1827       | 1964       | 2114       |
| Óskar Bergsson             | 976     | 1281       | 1488       | 1638       | 1802       | 1960       |
| Marsibil J. Sæmundardóttir | 17      | 798        | 1302       | 1818       | 2156       | 2428       |
| Ásrún Kristjánsdóttir      | 69      | 416        | 1107       | 1632       | 2097       | 2457       |
| Elsa Ófeigsdóttir          | 2       | 85         | 307        | 705        | 1538       | 2336       |
| Gerður Hauksdóttir         | 6       | 365        | 667        | 1226       | 1608       | 2055       |
| Gestur Kr. Gestsson        | 24      | 905        | 1155       | 1340       | 1643       | 1853       |
| Gestur Guðjónsson          | 12      | 122        | 781        | 1145       | 1456       | 1803       |
| Hjörtur Gíslason           | 4       | 125        | 308        | 594        | 1055       | 1598       |
| Brynjar Fransson           | 12      | 98         | 370        | 852        | 1131       | 1468       |



FÁNINN BRENNÐUR Danski fáninn var brenndur í mótmælum á Vesturbakkanum um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Beita Dani þrýstingi og brenndu fánann

Reiði vegna birtingar danska blaðsins Jótlandspóstsins á teikningum af Múhamed spámanni í haust sem leið breiðist nú út í múslimalöndum. Neytendur í Sádi-Arabíu og víðar sniðganga danskar vörur. Danski fáninn brenndur.

**DANMÖRK** Neytendur í sifellit fleiri löndum Mið austurlanda sniðganga nú danskar vörur eftir að yfirvöld í Sádi Arabíu mæltu til þess við neytendur. Með þessu vilja yfirvöld setja þrýsting á dönsku ríkisstjórnina um að bregðast við birtingu á teikningum af Múhamed spámanni í Jótlandspóstinum síðastliðið haust.

Haft er eftir forsvarsmönnum nokkurra fyrirtækja í Jótlandspóstinum í gær að sala á vörum þeirra hafi næstum stöðvast í Sádi Arabíu um helgina og minnkað töluvert í nágrenni þess.

Um helgina brutust út mótmæli

í Írak og Palestínu vegna teikninganna og var danski fáninn brenndur í tvennum mótmælum á Vesturbakkanum. Þá hafa stjórnvöld í Líbíu fylgt fordæmi Sádi Araba og kallað sendiherra sinn í Danmörku heim. Á fréttavef Politiken segir að tvenn bandalög múslimaríkja muni taka málið fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna innan skamms.

Danir eru uggandi yfir þessari þróun og vilja sumir skella skuldinni á ritstjórn Jótlandspóstsins. Sendiherra Dana í Sádi Arabíu gagnrýndi blaðið í viðtali við bandaríska sjónvarpsstöð um helgina og sagði birtinguna bera

vott um dómgreindarskort. Þessi ummæli féllu í grýttan jarðveg meðal forsvarsmanna meirihlutflokkanna í Danmörku.

Ritstjóri Jótlandspóstsins sendi um helgina bréf á arabísku til helstu dagblaða í Sádi Arabíu. Í bréfinu segir hann að teikningarnar hafi verið birtar sem hluti af umfjöllun blaðsins um málfrælsi í landinu. Nú sé hinsvegar lítið á þær sem ögrun við múslima í Danmörku og annars staðar í heiminum. Hann segist harma þá túlkun enda hafi það aldrei verið tilgangurinn að gera lítið úr trú múslima.

kristjans@frettabladid.is

Leigubílstjóri þurfti lögreglu:

## Borguðu ekki fargjaldið

**LÖGREGLUMÁL** Kalla þurfti á aðstoð lögreglunnar á Egilsstöðum þegar tveir farþegar í leigubíl neituðu að greiða fargjaldið. Mennirnir eru báðir af erlendu bergi brotnir og starfa á Kárahnjúkum við virkjunarframkvæmdir.

Leigubílstjórinn ók þeim þaðan í Fljótsdal en farþegarnir harðneituðu að greiða fargjald upp á tæplega tíu þúsund krónur þegar á leiðarenda var komið, en þeim mun hafa blöskrað hin íslenska verðlagning. Bílstjórinn óskaði eftir aðstoð lögreglu við innheimtuna og greiddu mennirnir skuldina þegar hún mætti á staðinn. -bs



OLMERT OG MERKEL Vel fór á með leiðtogunum í Jerúsalem í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Merkel kanslari í Ísrael:

## Tala ekki við Hamas-stjórn

**ÍSRAEL, AP** Ríkisstjórnaleiðtogar Þýskalands og Ísraels voru sam-mála um það í gær að ekki kæmi til greina að taka upp tengsl við palestínska stjórn sem Hamas-liðar stýrðu.

Úrslit palestínsku þingkosninganna voru meðal þess sem efst var á baugi í viðræðum Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, við Ehud Olmert, starfandi forsætisráðherra Ísraels, á fyrsta degi opinberrar heimsóknar kanslarans til Ísraels. Eftir viðræður við ísraelska ráðamenn heldur Merkel til Vesturbakkans í dag og hittir þar palestínska stjórnmalaleiðtoga, en ekki þó fulltrúa Hamas. ■

Nefúðarannsóknir Lyfjapróunar hf. enn til rannsóknar hjá Vísindasiðanefnd:

## Eru að afla frekari gagna

**VÍSINDI** Vísindasiðanefnd vinnur nú að því að afla gagna um nefúðarannsóknir Lyfjapróunar hf. sem nú eru til rannsóknar hjá nefndinni en hún kom saman á laugardag til þess að fara yfir málefni nefndarinnar. Að sögn Ólafar Ýrar Atladóttur, framkvæmdastjóra Vísindasiðanefndar, var ekki rætt sérstaklega um nefúðarannsóknirnar á fundinum þar sem öflun gagna um málið er ekki lokið ennþá. „Nefndin hefur ekki enn rætt sérstaklega um þær rannsóknir sem nú eru til skoðunar og það verður ekki gert fyrr en öll gögn hafa borist til nefndarinnar.“

Þorsteinn Loftsson, deildarforseti lyfjafræðideildar Háskóla Íslands, segir málið hafa þegar verið rætt við Sveinbjörn Gizurarson, prófessor við deildina, en hann var framkvæmdastjóri Lyfjapróunar hf. á þeim tíma sem rann-



**ÞORSTEINN LOFTSSON** Þorsteinn segir Sveinbjörn Gizurarson njóta fulls traust lyfjafræðideildar Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

sóknir á nefúða við bólusetningu, sem nú eru til skoðunar hjá Vísindasiðanefnd, fóru fram.

„Við ræddum við Sveinbjörn um þetta mál og hann neitar því að

rannsóknirnar hafi á einhvern hátt verið óeðlilegar. Starfsmenn deildarinnar trúa því að sjálfsögðu, þar til annað kemur í ljós,“ segir Þorsteinn. -mh

# DWC

Dansstúdíó World Class

Jazzfunk | Streetstyle | Hip Hop | Freestyle | Modernfunk | Barnadansar  
Sérstakt dansfjör fyrir 20 ára og eldri

Nánari upplýsingar í síma  
**553 0000**  
Sjá stundaskrá á  
[www.worldclass.is](http://www.worldclass.is)

Dansstúdíó  
**World Class**  
ICELAND



# STÓRGÓÐUR



Aukabúnaður á mynd, ófildur og samblun

Lipur  
Traustur  
Öruggur  
Rúmgóður  
Hagkvæmur  
Skemmtilegur  
Endursöluvænn

= STÓRGÓÐUR

**Polo Trendline 1.395.000 kr.**

Þú getur eignast hann með aðeins 139.500 kr. útborgun, miðað við bílasamning SP



Aus Liebe zum Automobil



| GENGIÐ                      |                 |        |        |
|-----------------------------|-----------------|--------|--------|
| GENGI GJALDMIÐLA 27.01.2006 |                 |        |        |
| KAUP SALA                   |                 |        |        |
|                             | Bandaríkjadalur | 61,52  | 61,82  |
|                             | Sterlingspund   | 109,47 | 110,01 |
|                             | Evra            | 75,02  | 75,44  |
|                             | Dönsk króna     | 10,05  | 10,108 |
|                             | Norsk króna     | 9,274  | 9,328  |
|                             | Sænsk króna     | 8,103  | 8,151  |
|                             | Japanskt jen    | 0,5275 | 0,5305 |
| SDR                         |                 | 89,37  | 89,91  |
| Gengisvísitala krónunnar    |                 |        |        |
| 104,8025                    |                 |        |        |
| HEIMILD: Seðlabanki Íslands |                 |        |        |



SILVIO BERLUSCONI Fór í andlitslyftingu og háirgræðslu fyrir skömmu. FRÉTTABLAÐID/ AP

Berlusconi í kosningaham:

## Heitir skírlífi

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hefur heitið því að stunda ekki kynlíf fram að þingkosningum 9. apríl næstkomandi. Berlusconi var á kosningafundi á Sardiníu þegar hann sór skírlífsheitið í kjölfar þess að sjónvarpspredikari þakkaði honum fyrir að vera á móti því að samkynhneigðir væru gefnir saman.

Hinn 69 ára gamli Berlusconi er tvígiftur og hefur ítrekað stært sig af hreysti sinni og fegurð. Fyrir skemmstu fór hann í andlitslyftingu og háirgræðslu og er sennilega unglegri núna en þegar hann komst til valda árið 2001. ■

Nýkominn með bílpróf:

## Á 169 kílómetra hraða

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Keflavíkurflugvelli stöðvaði ungan ökumann á 169 kílómetra hraða á Reykjanesbraut aðfaranótt sunnudags. Að sögn lögreglu var maðurinn nýkominn með bráðabirgða-ökuskírteini og var sviptur því á staðnum.

Þá voru nú aðrir stöðvaðir fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbrautinni. Allir héldu þeir þó ökuleyfinu, en fá að greiða í ríkissjóð fyrir hraðaksturinn. Lögreglan segir skeytingarleysi bílstjóranna alvarlegt þar sem aðstæður hafi verið slæmar sökum rigningar, þoku og myrkurs og mildi að ekki fór verr. -bs

# Tælenskar

matvörur í úrvali

Frábær verð

na na thai

**Skeifan 4**  
**S. 588 1818**

Harmleikur er sýningarhöll hrundi í Suður-Póllandi:

# Hátt í sjötíu manns fórust

**PÓLLAND, AP** Pólsk yfirvöld greindu frá því í gær að ólíklegt væri að fleiri fyndust á lífi í rústum kaupstefnuhallar sem hrundi síðla laugardags í útjaðri suður-pólsku borgarinnar Katowice. Staðfest dauðsföll voru orðin 66 í gærkvöld. 160 manns slösuðust, misalvarlega. Talið er að um 500 manns hafi verið í húsinu er þakið brast, en innan-dyra stóð yfir fjölþjóðlegt mót bréfdúfuræktenda.

Slökkviliðsstjórinn í Katowice, Kazimierz Krzowski, sagði litlar líkur á að fleira fólk væri enn fast undir brakinu, er björgunaraðgerðir höfðu staðið yfir í sólarhring. Nær útilokað þótti hins vegar að



FÓRNARLAMBA LEITAÐ Björgunarliðsmenn leita að fólki í rústum sýningarhallarinnar við erfið skilyrði í gær. FRÉTTABLAÐID/AP

nokkur væri þar enn á lífi, enda um 15 gráðu gaddur. Lögreglustjórinn útilokaði ekki að fleiri lík ættu eftir að finnast.

Sýningarhöllin var mjög nýlegt stálgrindarhús. Rannsókn stendur yfir á orsökum slyssins, en talsvert

magn af snjó hafði safnast fyrir á flötu þakinu.

Skammt er síðan fimmtán manns fórust, þar af meirihlutinn börn, er þak brast undan snjópunga á skauta-höll í bænum Bad Reichenhall syðst í Þýskalandi. - aa

# Góð verk verða verðlaunuð

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í fyrsta sinn þann 23. febrúar næstkomandi. Verðlaunaðir verða einstaklingar eða félagasamtök sem hafa lagt sitt af mörkum við að bæta íslenskt samfélag.

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN** Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í fyrsta sinn í lok febrúar.

Steinunn Stefánsdóttir, ritstjórnarfulltrúi Fréttablaðsins og formaður dómnefndar, segir markmið verðlaunanna vera að draga fram það sem vel er gert í samfélaginu en jafnvel fáir vita af.

„Verðlaunin verða veitt núna í fyrsta sinn en verða svo árlegur viðburður,“ segir Steinunn. „Fréttablaðið er stærsti fjölmiðill landsins, efni blaðisins höfðar til margra og fjallar um alla anga þjóðfélagsins. Við viljum miðla góðum verkum sem unnin eru mjög víða í samfélaginu, litlum og stórum, sem koma öðru fólki til góða. Með því að draga þessi góðu verk fram í dagsljósið vonumst við til að verðlaunin verði hvatning fyrir aðra til að bæta samfélagið í kringum sig.“

Steinunn verður formaður dómnefndar og aðrir fulltrúar í nefndinni munu koma víða að úr þjóðfélaginu. Steinunn segist hlakka til að sjá þær tilnefningar sem munu berast.

„Með þessum verðlaunum erum að leitast við að styrkja enn frekar samband okkar við lesendur. Því vonumst við til að fá sem flestar og fjölbreyttastar tilnefningar. Hægt er að tilnefna alla þá sem hafa með athöfnum sínum og framgöngu gert eitthvað umfram borgaralegar skyldur sínar eða unnið starf sitt af meiri natni og alúð en gera má ráð fyrir,“ segir Steinunn. Allir koma til greina, hvort sem það eru óþekktir einstaklingar, félagasamtök, þjóðþekktir karlar eða konur.

Veitt verða verðlaun í sex flokkum. Í fimm flokkum verða veitt fartölvu- og ferðavinningar en sjálf Samfélagsverðlaunin nema einni milljón króna. Lesend-



STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR RITSTJÓRNARFULLTRÚI Steinunn er formaður dómnefndar um samfélagsverðlaun Fréttablaðsins sem veitt verða í fyrsta seinni hluta febrúar. FRÉTTABLAÐID/HEIDA

ur Fréttablaðsins geta sent inn tilnefningar á [www.visir.is](http://www.visir.is) eða með því að fylla út og senda sérstakt

form sem mun birtast í Fréttablaðinu. Lokadagur tilnefninga er 16. febrúar og verða verðlaunin

svo afhent við hátíðlega athöfn þann 23. febrúar.

[johannas@frettabladid.is](mailto:johannas@frettabladid.is)

## SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS

Hægt verður að tilnefna í eftirfarandi flokkum

**Hvunnagshetja**  
Einstaklingur sem hefur sýnt einstaka óeigin-girni eða hugrekki við einn atburð eða vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**Ung hetja**  
Barn eða unglingur yngri en 16 ára sem vann sérstakt afrek við krefjandi aðstæður, hvort sem það var öðrum eða barninu sjálfu til hagsbóta.

**Uppfærðari ársins**  
Um er að ræða kennara, leiðbeinendur, þjálfara eða aðra uppfræðara sem hafa látið gott af sér leiða.

**Framlag í æskulýðsmálum**  
Félagasamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**Til atlögu gegn fordómum**  
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ótullega að því að brjóta á bak aftur fordóma í samfélaginu.

**Samfélagsverðlaunin**  
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum við að gera íslenskt samfélag að betra samfélagi.

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



„Þessir  
**aumingjar**  
fylgdust  
með okkur  
**daglega.**“

Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn. Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma **580 7000**. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlinunni 112.



**HEIMAVÖRN**





### KJÖRKASSINN

Var rétt að svipta Ólaf Geir Jónsýni titlinum Herra Ísland?

|     |       |
|-----|-------|
| Já  | 62,3% |
| Nei | 37,7% |

SPURNING DAGSINS Í DAG?  
Kaust þú í undankeppni Eurovision á laugardag?

Segðu skoðun þína á Vísiris



Fylgi Sjálfstæðisflokks:

## Ekki meira á kjörtímabilinu

**SKOÐANAKÖNNUN** Niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar um fylgi flokkaanna sýna að Sjálfstæðisflokkurinn hefur 44,7 prósentu fylgi og er það mesta fylgi sem flokkurinn hefur mælst með á kjörtímabilinu. Spurt var hvað menn myndu kjósa ef gengið væri til kosinga á morgun. Sama könnun sýndi að Samfylkingin fengi 23,6 prósentu fylgi, Vinstrihreyfingin - grænt Framboð 18,1 prósent, Framsóknarflokkurinn 9,6 prósent og Frjálslyndi flokkurinn fengi 3,2 prósentu fylgi.

Könnunin var gerð af Félagsvísindastofnun fyrir Morgunblaðið og fór fram dagana 18. til 25. janúar. Svarhlutfall var 70,6 prósent. -jó

### LÖGREGLUFRÉTT

**Vöruflutningabíll brann** Eldur varð laus í vöruflutningabíl á bænum Svinavatni í Árnessýslu um miðjan dag í gær og skemmdist hann mikið. Lögregla og slökkvilið komu fljótt á vettvang og gekk slökkvistarf vel. Engin slys urðu á fólki en talið er að eldurinn hafi kviknað út frá rafmagni.

### SKÁK

**Stefán vann Skeljungsmótið** Stefán Kristjánsson sigraði á Skeljungsmótiinu í skák sem haldið var á skákþingi Reykjavíkur um helgina. Stefán hlaut átta vinninga af níu mögulegum en í öðru sæti varð Bragi Þorfinnsson úr Taflfélagi Reykjavíkur með sjö og hálfan vinning.

Deilumál Ítalsks prests og skólabróður hans:

# Réttur sker úr um tilveru Jesú

**ÍTALÍA, AP** Var Jesús Kristur til? Ítalskur dómstóll mun í dag, mánudag, úrskurða hvort 76 ára gamall ítalskur prestur þurfi að mæta fyrir rétt fyrir að halda því fram að Jesús hafi verið til.

Luigi Cascioli, gamall skólabróðir prestsins og svarinn guðleysingi, segir kaþólsku kirkjuna hafa blekkst fólk í 2.000 ár með sögunni um Jesú, og hefur hann kært séra Enrico Righi fyrir að styðja þá blekkingu.

Cascioli kærði Righi árið 2002 eftir að presturinn skrifaði í fréttabréf sóknarinnar að Jesús hafi verið til og hafi verið sonur hjónanna Maríu og Jóseps. Cascioli



heldur því fram að Righi hafi brotið tvenn ítölsk lög - hann hafi blekkst fólk í sviksamlegum tilgangi og hagnast á því að gefa öðrum aðila rangt nafn. Jafnframt segir hann kaþólsku kirkjuna hafa grætt fé á blekkingunni.

Cascioli sjálfur hefur ekki mikla trú á framgangi málsins í hinu kaþólska heimalandi sínu, en segist hins vegar vera að fylgja þeim lagalegum skrefum sem honum ber svo hann geti kært kirkjuna fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. -smk

**JESÚS KRISTUR** Málverk af Jesú. Ítalski guðleysinginn Luigi Cascioli segir talsmenn kaþólsku kirkjunnar ljúga að fólki þegar þeir halda því fram að Jesús hafi verið til.

Orkukreppan í Georgíu:

## Rússneskt gas berst á ný

**TÍFLIS, AP** Jarðgas frá Rússlandi tók aftur að berast til Georgíu í gær eftir að viðgerð lauk á stærstu gasleiðslunni þangað. Leiðslan rofnaði vikuna áður í sprengingu sem ekki hefur enn verið upplýst hvernig atvikaðist.

Gasskorturinn og rofnar raf-línur af völdum vetraróveðurs hafa valdið mikilli orkukreppu í landinu. Forsætisráðherrann Zurab Nogaideli endurtók í gær ásakanir í garð Rússa um að þeir hefðu vísvitandi farið sér hægt í að gera við gasleiðsluna. Georgíustjórn samdi í millitíðinni við Írana um að kaup á neyðarbirgðum af gasi. ■

# Geðsjúkir fastir í vítahring

Brýnt er að rjúfa félagslega einangrun, uppræta fordóma og bæta menntun og efnahag geðsjúkra á Íslandi. Þetta er meðal þess kemur fram í rannsókn á þjónustubörfum geðsjúkra.

**GEÐHEILBRIGÐI** Það er þörf fyrir græðandi mannleg samskipti og það verður að rjúfa vítahringinn sem geðsjúkir lifa í með fjölbreyttum úrræðum og fjármagni. Þetta er meðal þess sem kom fram í máli dr. Páls Biering, geðhjúnarfræðings, þegar hann ásamt meðhöfundum sínum, Guðbjörgu Danielsdóttur og Arndísi Jónsdóttur, kynntu niðurstöðu rannsóknar á þjónustubörfum geðsjúkra og reynslu þeirra af geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi, sem unnin var á vegum Rauða kross Íslands og Geðhjálpar.

Dr. Páll lagði á það þunga áherslu að geðsjúkir væri sá hópur í samfélaginu sem minnst má sín.



**SVEINN MAGNÚSSON** Framkvæmdastjóri Geðhjálpar kallar á samstillt átak til úrbóta.

Mikill meirihluti þátttakenda í rannsókninni, eða 80,3 prósent, hafði minna en 150.000 krónur í tekjur á mánuði og tekjur margra ná ekki 100.000 þúsund krónum á mánuði. Sterk tengsl voru á milli menntunar og tekna en 10,1 prósent höfðu ekki lokið grunnskóla-menntun og aðeins 11,7 prósent höfðu háskólamenntun. Það einkennir líka félagslegar aðstæður geðsjúkra að einungis þriðjungur var giftur eða í sambúð.

Rannsóknin leiddi í ljós að félagsleg einangrun geðsjúkra er mikil og þeir mæta víða fordómum. Þeir sem búa einir standa þó verr í þessu tilliti en sá hópur sem var giftur eða í sambúð. Einangrunin og fordómarnir bitna líka frekar á þeim sem hafa minnstu tekjurnar og þeim sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Hugsanleg skýring á minni einangrun á landsbyggðinni er að nánd fólks er þar meiri. Sama gildir um fordóma.

Rannsóknin var unnin til þess að afla þekkingar sem styðjast má við til að bæta þjónustuna við geðsjúka og aðstandendur þeirra. Einnig var ætlunin að afla upplýsinga sem hið opinbera og fagaðilar gætu haft til hliðsjónar við stefnu-mótun og setningu markmiða.

„Hér er um það að ræða að stilla saman strengi og að þeir sem



**GEÐHJÁL** Margir geðsjúkir einstaklingar eru hjálparþurfi. Stærstur hluti geðsjúkra hefur minna en 150.000 krónur í mánaðartekjur og einungis þriðjungur er giftur eða í sambúð.

glíma við vandamálið sem og fag-fólk vinni saman. Við sjáum mörg úrræði um allt samfélagið, en þau eru hist og her, eylönd sem þarf að tengja saman til að snúa málum til

betri vegar,“ sagði Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, og kallar til allra sem að þessu máli koma um samstillt átak til úrbóta.

svavar@frettabladid.is

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson um Vatnsmýrina:

# Flugvöllurinn fari burt innan tíu ára

**SKIPULAGSMÁL** „Afstaða mín er alveg skýr, ég vil að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni og að innanlandsfluginu verði fundinn nýr staður í Reykjavík eða næsta nágrenni en ekki í Keflavík,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti



**VILHJÁLmur Þ. VILHJÁLMSsON** Vilhjálmur segir stefnu sína og Sjálfstæðisflokksins skýra í Vatnsmýrarmálinu en það verði hins vegar að vinna það með samgönguyfirvöldum.

Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Félagsmenn Samtaka um betri byggð hafa skorað á borgarstjórnarflokk og frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins að koma fram með skýra og einarða afstöðu í Vatnsmýrarmálinu. Þeir segja að Vilhjálmur hafi sagst vilja flugvöllinn burt úr Vatnsmýrinni en svo bætt því við að borgaryfirvöld yrðu að vinna málið í samvinnu við samgönguyfirvöld ríkisins sem hefðu yfirstjórn og ábyrgð á þessum málum og ættu 40 prósent af landinu í Vatnsmýri. Segja félagsmenn samtakanna að þar hafi Vilhjálmur slævt fyrirheitið og því næst gefið samgönguyfirvöldum sjálfðæmi í málinu.

„Þetta er byggt á misskilningi,“ svarar Vilhjálmur. „Samgönguyfirvöld bera ábyrgð á rekstri flugvallarins og ábyrgð á kostnaði byggingar nýs flugvallar og einnig á ríkið 40 prósent af landinu svo við hljótum að vinna þessi mál í samvinnu við þau. Hins vegar er það alveg skýrt að skipulagsvaldið er í höndum borgarinnar.“ Hann segir ekki hægt að nefna ákveðið ár sem flugvöllurinn ætti að vera farinn en hann kysir þó að það yrði innan tíu ára.



**GUNNAR I. BIRGISSON** Vísar áskunum minnihlutans til föðurhúsanna.

Saka Gunnar um blekkingar:

## Fólkið á bág

**SVEITASTJÓRNARMÁL** „Þetta aumingja fólk á bág,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi um ásakanir bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar þess efnis að meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í bæjarstjórn fari með blekkingar og rangfærslur í bæklingi sem dreift var í öll hús í bænum í síðustu viku.

Bæklingurinn var í nafni bæjarstjórnar Kópavogs og hafði yfirskriftina Skattar lækka í Kópavogi. Sem dæmi nefna bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar að það sé ekki rétt að fasteignagjöld hafi lækkað í Kópavogi eins og haldið er fram í bæklingnum.

„Við erum einfaldlega að útskýra fyrir bæjarbúum hvernig fasteignaskattar eru lækkaðir. Það er della að halda því fram að fasteignagjöld hafi ekki lækkað. Þetta fólk þarf einfaldlega að læra að reikna,“ segir Gunnar. -bs

# VR FÉLAGAR!

# 2,5% HÆKKUN

Öll laun hækka samkvæmt **kjarasamningi VR og SA** um **2,5%** frá og með 1. janúar

Hækkunin kemur til útborgunar 1. febrúar nk.

Starf okkar **eflir** þitt starf

# VR



# Ný kynslóð salatbara

## Sjáðu þetta

**40** spennandi tegundir

**Meðal annars:**

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurrkaðir tómatar
- Ætípastill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir  
0.5 ltr. Sítrónu kristall með í kaupbæti.\*

\*Tilboðið gildir til 31. janúar

## Fiskréttur dagsins



**Kjöt & fisktorgið**

### Lúðuréttur

í heimalöguðu pestói og með fersku grænmeti.

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b. 15-20 mínútur við um 200°C eða eldað á pönnu í svipaðan tíma.

**TILBOÐ**  
**1.190** kr/kg  
Verð áður 1.990,-

**Rúnar Gíslason**  
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur  
kokkarnir.is

Gildir 30. janúar eða á meðan birgðir endast.

*Landsins mesta úrval matvöru*

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





## VEISTU SVARIÐ

- 1 Hver varð í efsta sæti í prófkjöri framsóknarmanna í Reykjavík?
- 2 Hver mun leiða lista Vinstri grænna á Akureyri?
- 3 Hvaða tveir frambjóðendur nota systkini sín til að stjórna kosninga-baráttu fyrir prófkjör?

SVÖR Á BLS. 34

Prófessor í kennslufræðum:

## Óþarfi að flýta stúdentsnámi

**SKÓLAMÁL** Íslenskir háskólanemar eru að jafnaði á svipuðum aldri og háskólanemar á hinum Norður-löndunum þegar þeir ljúka grunn-námi á háskólastigi.

Jón Torfi Jónasson, prófessor í uppeldis- og kennslufræðum við Háskóla Íslands, hefur borið saman skólakerfi Danmerkur, Íslands og Svíþjóðar vegna vinnu við styttingu námstíma til stúdentsprófs. „Ef miðað er við stúdentsprófið ljúka íslenskir nemendur því að jafnaði einu ári seinna en jafnaldrar þeirra í nágrannalöndum okkar. Þegar kemur að háskólastiginu er hins vegar ljóst að íslenskir nemar eru að ljúka námi á svipuðum aldri og nemar í löndunum í kringum okkur. Það er því mikilvægt að horfa ekki bara á framhaldsskólann heldur á skólakerfið frá grunnskóla til háskóla.“

-mh

Borgarfulltrúar Reykjavíkurlistans um uppbyggingu við Austurhöfn:

# Saka sjálfstæðismenn um hentistefnu

**SKIPULAGSMÁL** Borgarfulltrúar Reykjavíkurlistans saka borgarfulltrúa um að viðhafa hentistefnu í málinu um uppbyggingu við Austurhöfn þar sem tónlistar- og ráðstefnuhús mun rísa. Þetta kemur fram í bókun borgarfulltrúanna á borgarráðsfundi á fimmtudag.

Þar lýstu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins yfir verulegum efasemdum um staðsetningu bensínstöðvar sem reisa á við Hringbraut í stað þeirrar sem víkja mun af Austurbakkanum. Fulltrúar Reykjavíkurlistans svara því svo til að sömu borgarfulltrúar og lýstu yfir þessum efasemdum hefðu báðir samþykkt samning við

Ker hf. þar sem þessi staðsetning bensínstöðvarinnar er tilgreind. Það eina sem breyst hefur síðan þá, segir í bókun borgarfulltrúa Reykjavíkurlistans, er að umfang stöðvarinnar hefur minnkað og tímatakmörk eru sett á starfsemi hennar.

„Samningurinn í heild sinni var samþykktur, en hann innihélt fleiri atriði en staðsetningu stöðvarinnar. Í framhaldi af því koma fram alvarlegar athugasemdir frá Landsspítalanum og upp frá því eru okkar athugasemdir runnar. Einnig þykir okkur ekki mikið prýði af bensínstöð þarna við Hringbrautina. En við lýstum



**FRÁ RÁÐHÚSINU** Bókanir gengu á víxl þegar rætt var um nýja bensínstöð við Hringbraut og sökuðu borgarfulltrúar Reykjavíkurlistans sjálfstæðismenn um að viðhafa hentistefnu í því máli.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

því yfir að ef borgin og spítalinn kæmust að samkomulagi myndum við ekki leggjast gegn þessari

staðsetningu,“ segir Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðismanna.

-jse

Á sjöunda tug starfa hafa tapast á Akranesi ári eftir samieningu HB og Granda:

## Skagamenn niðurlægðir

**ATVINNUMÁL** Nú þegar rúmt ár er liðið síðan Haraldur Böðvarsson & co. sameinaðist Granda í Reykjavík hafa tapast 55 til 65 störf. Landvinnslan hefur tapað 45 starfsmönnum auk þess sem átta sjómenn hafa misst vinnuna. Hér eru ekki taldir ellefu skipverjar á Víkingi AK 100 sem fengu nýlega uppsagnarbréf en skipinu verður líklega lagt fljótlega.



VILHJÁLmur  
BIRGISSON

Þetta segir Vilhjálmur Birgisson, formaður verkalýðsfélags Akraness, og það er þungt í honum hljóðið. Vilhjálmur vill meina að þessi þróun sé ekki aðeins áfall fyrir þá sem hafa misst vinnuna heldur megi ekki gleyma að fólk á Akra-



**FRÁ AKRANESI** Fólk á Akranesi hefur almennt miklar áhyggjur af þróun atvinnumála.

nesi tengist fyrirtækinu sterkum tilfinningaböndum. Vart sé hægt að finna mann á Akranesi sem ekki hefur unnið hjá fyrirtækinu á einhverjum tímapunkti og þess vegna sviði öllum undan því að sjá hvernig málin hafa þróast. Vissulega má segja að hluti þessa samdráttar hér á Akranesi sé vegna

minni afla og hagræðingar innan fyrirtækisins en það skýrir ekki allan þennan samdrátt.

„Það sem ég vil sjá er sanngirnir á milli þeirra starfstöðva sem eru í eigu HB Granda.“ Er það mat Vilhjálmss að fólk á Akranesi hafi verið niðurlægt í þessari sameiningu.

-shá

## LÖGREGLUFRETTIR

**Tveir teknir ölsaðir** Lögreglan í Kópavogi stöðvaði tvo ökumenn vegna ölvunaraksturs aðfaranótt sunnudags. Báðir verða þeir væntanlega sviptir ökuréttindum.

**Hraðakstur heldur áfram** Lögreglan í Stykkishólmi stöðvar enn ökumenn vegna hraðaksturs. Á föstudag voru fjórtán teknir fyrir að aka of hratt og sex bættust við um helgina. Tveir ökumenn mældust á 132 kílómetra hraða.

**Missti fjórar tennur** Maður um tví-tugt missti fjórar tennur þegar hann var kýldur í andlitið í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags. Að sögn lögreglu er ekki vitað hver lagði til mannsins eða hver upptök slagsmálanna voru. Þá voru fjórir teknir fyrir ölvunarakstur. Fyrir utan minni háttar ryskingar í miðbænum segir lögreglan nóttina hafa verið rólega.

**Þorrablótin fara vel fram** Rólegt var að gera á flestum lögreglustöðvum um helgina. Fjölmennt þorrablót fóru fram víða um land og að sögn lögreglu var hegðun gesta á flestum tilfellum til fyrirmyndar.

# EIGUM ALLTAF



Klettháls

**VW Golf Highline 4x4 beinsk.**  
skráður 05/03 ek. 51.000  
verð áður 1.730.000 kr. verð 1.350.000 kr.  
Afborgun pr. mán.: **21.678 kr.** í 60 mán.\*



Klettháls

**VW Passat stw 1,6 beinsk.**  
skráður 06/03 ek. 70.000  
verð áður 1.640.000 kr. verð 1.440.000 kr.  
Afborgun pr. mán.: **23.115 kr.** í 60 mán.\*



Klettháls

**VW Passat 1,6 beinsk.**  
skráður 11/02 ek. 67.000  
verð áður 1.440.000 kr. verð 1.290.000 kr.  
Afborgun pr. mán.: **20.716 kr.** í 60 mán.\*



Klettháls

**VW Golf Highline 1,6 sjálfsk.**  
skráður 07/03 ek. 49.000  
verð **1.560.000 kr.**  
Afborgun pr. mán.: **25.034 kr.** í 60 mán.\*



Laugavegi

**VW Passat 4x4 1,8**  
skráður 05/00 ek. 135.000  
verð áður 1.090.000 kr. verð 890.000 kr.  
Afborgun pr. mán.: **23.280 kr.** í 36 mán.\*



Laugavegi

**VW Golf 4x4 2,0**  
skráður 01/04 ek. 45.000  
verð áður 1.690.000 kr. verð 1.400.000 kr.  
Afborgun pr. mán.: **19.262 kr.** í 72 mán.\*



Laugavegi

**VW Golf Highline 1,6**  
skráður 10/03 ek. 40.000  
verð áður 1.720.000 kr. verð 1.350.000 kr.  
Afborgun pr. mán.: **21.678 kr.** í 60 mán.\*



Laugavegi

**VW Bjalla 1,6**  
skráður 11/01 ek. 82.000  
verð áður 1.290.000 kr. verð 1.100.000 kr.  
Afborgun pr. mán.: **22.585 kr.** í 48 mán.\*

**Bílaþing Heklu er rétti staðurinn til að finna góðan notaðan Volkswagen**

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | [www.bilathing.is](http://www.bilathing.is)



[www.bilathing.is](http://www.bilathing.is)  
[bilathing@hekla.is](mailto:bilathing@hekla.is)

Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • laugardaga 12–16

**BÍLAPING HEKLU**  
Númer eitt í notuðum bílum





# Þú þarft að eiga góða tölvu en þú horfir samt mest á skjáinn!



Stóri skjáinn frá Dell hefur farið sigurför um heiminn. Myndgæðin eru ótrúleg, hönnunin framúrskarandi og verðið keppir við hvað sem er í þessum gæðaflokki. Þetta er einfaldlega frábær skjár.

"Ótrúleg kaup...björt og gullfalleg mynd... nógu snöggur fyrir leiki" - PC Magazine

## Dell UltraSharp 24"

|                                            |
|--------------------------------------------|
| 24" Active Matrix TFT                      |
| 1920 x 1200 upplausn                       |
| 12ms viðbragð                              |
| 0.27 mm Pixel Pitch                        |
| 1000:1 Contrast Ratio                      |
| VGA, DVI-D, S-Video, Composite & Component |
| Video tengi                                |
| 9 í 1 minniskortalesari                    |
| USB 2.0 tengi                              |
| 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS             |

Verð **134.900,-**

**108.353,-** án vsk

Dell risaskjáinn er fyrir hina útvöldu – þá sem fást við myndvinnslu, teikningar og hreyfimyndir. Og líka hina sem vilja einfaldlega frábæran skjá og nóg pláss! Myndin er hnífskörp, björt og falleg.



## Dell UltraSharp 30"

|                                |
|--------------------------------|
| 30" Active Matrix TFT          |
| 2560 x 1600 upplausn           |
| 11ms viðbragð                  |
| 0.25 mm Pixel Pitch            |
| 700:1 Contrast Ratio           |
| VGA og DVI-D tengi             |
| 9 í 1 minniskortalesari        |
| USB 2.0 tengi                  |
| 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS |

Verð **204.900,-**

**164.578,-** án vsk

### Dell skjárir fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:

R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / 575 9200 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETHEIMAR / Aðalstræti 27 / ÍSAFIRÐI 456-5006 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234 • TÖLVUSMIÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • BVT / Vík / 487 1510 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122



Það er til lausn á öllu

[www.ejs.is](http://www.ejs.is) // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000







MÚSLIMABRÚÐUR Á INDLANDI Brúður í fjöldrúðkaupi múslima í Admadabad á Indlandi í gær. 151 par var gefið saman í einu.

FRÉTTABLAÐID/AP

Klínískir sálfræðingar:

## Úrskurður felldur úr gildi

**SAMKEPPNISMÁL** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur fellt úr gildi fyrri úrskurð Samkeppnis-eftirlitsins frá því í haust að heilbrigðisyrkvöldum beri að ganga til samninga við klíníska sálfræðinga.

Var það mat Samkeppnis eftirlitsins að ellegar myndi samkeppni skaðast, en áfrýjunarnefndin komst að annarri niðurstöðu og felldi úrskurðinn úr gildi. Segir nefndin að heilbrigðisráðherra sé í sjálfsvald sett hvort samið verði við sálfræðinga. Tryggingastofnun greiðir hluta kostnaðar þeirra er leita til geðlækna en ekkert til þeirra er sækja þjónustu sálfræðinga utan stofnana.

- aðe

Nýskráning hlutafélaga:

## Fjölgað um sautján prósent

**HLUTABRÉF** Nýskráningum hluta- og einkahlutafélaga fjölgaði um tæp sautján prósent frá árinu 2004 til og með 2005.

Rúmlega sjötíu prósent nýskráninga félaga eru með lögheimili á höfuborgarsvæðinu en nýskráningum hefur þó fjölgað mest á Suðurlandi og Suðurnesjum, eða um tæp fjórutíu prósent.

Nýskráð hluta- og einkahlutafélög voru 2938 á síðasta ári en 2517 árið 2004. Búið er við því að skráning nýrra félaga verði áfram mikil á þessu ári.

- mh

### RÚMENÍA

**Náðist með milljónir** Þjóðverji, sem var á flóta undan réttvísinni með 2,1 milljónir evra, andvirði um 157 milljóna króna, í fartaskinu, náðist í rúmensku höfuðborginni Búkaresht í gær. Að sögn lögreglu stýrði maðurinn, Michael Schmidt, peningaflutningafyrirtæki í Wiesbaden og stal fénu þaðan.

Átak lögreglu í Hafnarfirði í fíknefnamálum skilar góðum árangri:


# Tvöfalt fleiri fíkniefnamál

**LÖGREGLA** Skráðum fíkniefnabrotum í umdæmi lögreglunnar í Hafnarfirði fjölgaði um 102 prósent frá árinu 2002 til 2005, úr 126 málum í 254. Ástæða þessarar fjölgunar er sú að árið 2003 var ákveðið að breyta áherslum í þessum mála-flokki og taka af meiri festu á því alvarlega ástandi sem þá var að verða í umdæminu.

Að sögn Ásgeirs Ó. Guðnasonar varayfirlögregluþjóns var ákveðið að allir lögreglumenn embættisins kæmu að þessum mála-flokki og rannsökuðu þau mál sem upp kæmu. Enn fremur að snúa vörn í sókn með því að efla forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir í sam-

vinnu við félagsmálayfirvöld, skólana á svæðinu og foreldra. Markmiðið var að finna einstakl-

FJÖLDI FÍKNAEFNAMÁLA 2000 - 2005



inga í vanda og koma í veg fyrir að þeir leiddust út í aukna neyslu og glæpi.

Ásgeir segir að það sé alltaf erfitt að meta árangur aðgerða sem þessara en hafa beri í huga að fjöldi skráðra mála sé ekki sönnun þess að vandinn sé að aukast heldur er hann sýnilegri vegna aðgerða lögreglu. Þetta hafi verið markmiðið; að fá betri mynd af vandanum. Það sé líka uppörvandi að tölur frá Rannsóknum & greiningu, sem sérhæfir sig í rannsóknum á ungu fólki, bendi til minnkandi vímuefnaneyslu barna og unglinga í Hafnarfirði.

- shá



FÍKNIEFNI Neysla barna og unglinga í Hafnarfirði fer minnkandi. Þetta er sameiginlegu átaki að þakka.

# Akureyri tengist Evrópu

Nauðsynlegt er að lengja Akureyrarflugvöll til að hægt sé að fljúga millilandaflug frá Akureyri yfir vetrarmánuðina. Iceland Express mun fljúga á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar í sumar og stefnir á flug til London með haustinu.

**SAMGÖNGUR** Lenging Akureyrarflugvallar er forsenda fyrir millilandaflugi frá Akureyri yfir vetrarmánuðina. Iceland Express mun fljúga á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar í sumar og stefnir á flug á milli Akureyrar og London með haustinu.

Í sumar hefst beint áætlanarflug Iceland Express á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar. Flugið verður tvisvar í viku fram á haust en Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, segir félagið hafa vilja til að nýta Akureyrarflugvöll árið um kring. „Við stefnum á að bjóða upp á beint flug á milli Akureyrar og London með haustinu og fljúga þá hugsanlega einu sinni í viku til Kaupmannahafnar og einu sinni til London. Því er mikilvægt að huga nú þegar að lengingu flugbrautarinnar. Slík framkvæmd er allt að því forsenda fyrir millilandaflugi frá Akureyri yfir vetrarmánuðina en þá geta aðstæður kallað á lengri flugbraut vegna bremsuskilyrða,“ segir Birgir.

Njáll Trausti Friðbertsson, viðskiptafræðingur og flugumferðarstjóri, hefur kannað möguleika



AKUREYRARFLUGVÖLLUR Njáll Trausti Friðbertsson, viðskiptafræðingur og flugumferðarstjóri, segir nauðsynlegt að lengja flugbrautina um 460 metra. Kostnaður við slíka framkvæmd er áætlaður 300 til 350 milljónir króna.



AKUREYRI Á TOPPNUM Bigir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, segir félagið hafa vilja til að nýta Akureyrarflugvöll árið um kring. Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, fagnar því og bendir á að Akureyri tróni nú á toppnum á áætlunarkorti Iceland Express.

FRÉTTABLAÐID/KK

á millilandaflugi til og frá Akureyri. Niðurstaða hans er að Akureyrarflugvöllur sé vannýttur og nauðsynlegt að lengja flugbrautina til að skapa forsendur fyrir aukinni nýtingu. „Akureyrarflug-

völlur uppfyllir allar helstu kröfur flugrekstraraðila aðrar en flugbrautarlengd. Völlurinn er 1.940 metrar en með því að lengja hann í 2.400 metra munu fleiri tegundir flugvéla geta notað völinn og þar

Beint flug Iceland Express um Akureyrarflugvöll:

## Þjóðverjar áhugasamir

Þrátt fyrir að farmiðasala í áætlunarflug Iceland Express á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar hefjist ekki fyrr en á næstu dögum segist Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, þegar verða var við mikinn áhuga erlendis. „Við höfum fengið mikla svörun frá samstarfsaðilum okkar í Þýskalandi og ljóst að margir þjóðverjar munu nýta sér flugið á milli Kaupmannahafnar og Akureyrar,“ segir Birgir.

Fyrsta brottför frá Akureyri verður 30. maí og binda hagsmunaaðilar á

Akureyri miklar vonir við flugið. „Þetta mun styrkja ferðapjónustuna á Akureyri verulega og mikilvægt að hægt sé að fljúga út frá Akureyri og enda í Keflavík eða öfugt,“ segir Páll Sigurjónsson, framkvæmdastjóri KEA hótela. Birgir segir Iceland Express tilbúið til samstarfs við heimamenn við markaðssetningu erlendis. „Við hugsum þetta verkefni til lengri tíma og munum ekki gefast upp þótt sætanýtingin verði ekki fullnægjandi í sumar,“ segir Birgir.

- kk



BIRGIR JÓNSSON Framkvæmdastjóri Iceland Express segir að félagið muni ekki guggna á fluginu á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar þótt sætanýtingin verði ekki fullnægjandi í sumar.

FRÉTTABLAÐID/KK

Sérstakar brúðkaupsferðir til Íslands í vor:

# Von á 2000 Kínverjum

**FERDAMÁL** Um 2000 Kínverjar munu líklega koma hingað til lands í brúðkaupsferð á tímabilinu mars til maí nú í vor. Þetta kemur fram á fréttavef Félags leiðsögumanna. Sérstök samninganefnd er nú í Kína að leggja lokahönd á samningana.



KÍNVERSKT PAR Ísland virðist skipa rómantískan sess í Kína. Um tvö þúsund brúðhón hyggjast koma hingað til lands í brúðkaupsferð.

Stefán Helgi Valsson, ritstjóri fréttavefsins, segir að þeir muni koma hingað í 200 manna hópum í hverri viku á tímabilinu og gista á Hótel Loftleioðum.

Hann segir að mikil hjátrú fylgi brúðkaupum þar í landi þar sem tölur og litir skipa mikilvægan sess. Þessu verða gestgjafarnir að mæta og skaffa rauð rúmföt fyrir þörin nýgiftu og einnig verður að passa upp á að hótelhæðin og númer á herbergjunum stangist ekki á við kínverskar hefðir. Einnig segir Stefán að gestgjafarnir munu mæta matarvenjum kínverjanna með því að bjóða upp á kínverskan mat.

Sólborg Lilja Steinhórsdóttir hóteltstýra staðfestir að þessar viðræður séu í gangi en þær verða til lykta leiddar á mánudag.

Ef af verður koma brúðhóinn væntanlega með leiguflugi Flugleiða á vegum Íslandsferða.

- jse



## Í fótspor McDonald's

Námskeið í stofnun og rekstri sérleyfisfyrirtækja (franchise)

Námskeiðið verður haldið á Iðutæknistofnun þann 3. febrúar kl. 13.00 til 17.00.

**Fyrir hverja?** Námskeiðið hentar öllum þeim sem hafa áhuga á útnás og vexti eign fyrirtækja, nýjum tækilærum í rekstrinum og rekstrarsérgjöf. Einnig öllu áhugasafólki um verslun og viðskipti hér heima og erlendis.

**Ávinningur þátttakenda**

- Hæðni til að meta hvort sérleyfi hentar þeirra markmiðum og framtíðarsýn.
- Deiking á hvernig staðið er að stofnun og rekstri sérleyfisfyrirtækja.

**Spurningar sem námskeiðið svarar**

- Hvers vegna sérleyfi frekar en annað rekstrarform?
- Fyrir hverja er sérleyfi?
- Hvernig ætli að undirbúa stofnun sérleyfisfyrirtækisins?
- Hverjir eru mikilvægustu þættir daglegs rekstrar sérleyfa?
- Hvernig er handbók sérleyfis uppbyggð?
- Hvernig er fjárhagslegt eftirlitsskerfi sérleyfa byggt upp?
- Hver eru heistu atriði sérleyfisamninga?

**Leiðbeinandi**  
Emil B. Karlsson verkefnastjóri hjá Samtökum verslunar og þjónustu.

**Skráning og nánari upplýsingar**  
Sími 570 7100 eða á [www.iti.is](http://www.iti.is)

**Þekkingarsetur**  
Iðutæknistofnun



# KRONAN

VIRK SAMKEPPNI

Virk  
Sam-  
keppni

99

DR. OETKER  
PIZZUR  
4 TEG.

kr./stk.

99

LP Franskar  
Rifflaðar

kr./stk.

25%

AFSLÁTTUR

40%

Trippabjúgur  
289 kr./kg.

Grims fiskibollur 550g

299

kr./pk.

Dalhof Swiss  
rúllutertur 3 teg.

99

kr./stk.

Bautabúrið blandað  
nauta og kindahakk

799

kr./kg.

30%

Afsláttur

Bautabúrið hangialegg  
2.092 kr./kg.

Skyr.is 170g

Verð frá:

64

kr./stk.

Kiwi

99

kr./kg.

Dalhof  
hringkukur 3 teg.

129

kr./stk.

Melónur gular

75

kr./kg.

Apellsínur

79

kr./kg.

Meira  
úrval

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ





**NÝARS-HUNDASÝNING** Frá hundasýningu í Quezon-borg norður af Manila, höfuðborg Filippseyja, í gær. Sýningin var haldin í tilefni af kínverska nýárinu. Samkvæmt kínverska tímatalinu hófst ár hundsins í gær.

FRÉTTABLAÐID/AP

## Leitarsíðan Google: Póknast stjórnvöldum í Kína

**MANNRÉTTINDI** Internetfyrirtækið Google hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir að hafa gert samning við kínversk stjórnvöld um ritskoðun á leitarniðurstöðum í leitarvél sinni. Meðal leitarorða sem stjórnvöld vilja ekki að skili niðurstöðum um eru Taívan, mannréttindi, Tíbet og Falun Gong. Forsvarsmenn Google réttlæta þetta með því að kínverskir notendur verði upplýstir um hvaða leitarniðurstöður eru ritskoðaðar. Einnig telja þeir aukið aðgengi að internetinu hafi góð áhrif til langs tíma.

-sdg

## DÓMSMÁL

**Kærð fyrir skjalafals** Kona á fer-tugsaldri hefur verið kærð fyrir skjalafals eftir að hún reyndi að framvísa fölsuðum lyfseðli í verslun Lyfju við Smáratorg í Kópavogi. Henni tókst ekki ætlunarverk sitt en mál hennar var tekið til aðalmeðferðar á föstudag.

Níutíu prósent gesta menningarstofnana Reykjavíkurborgar ánægðir:

# Meiri aðsókn í menningu

**MENNING** Um 90 prósent gesta menningarstofnana Reykjavíkurborgar eru ánægðir með starfsemina samkvæmt viðhorfsskönnunum, og heimsóknir eru um milljón á ári. Stefán Jón Hafstein, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar, segir menningarstofnanirnar hafa slegið aðsóknarmet Laugardalsvallar. Signý Pálsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, telur þennan góða árangur vera afrakstur skýrrar stefnumótunar, því undanfarin ár hefur verið markvisst unnið að því að ná til breiðari aldurshóps og jafna hlutföll kynja í



aðsókn, og mikil áhersla er lögð á barnastarf auk sérverkefna. Gengið hefur verið frá rúmlega 220 vaxtalausum lánum sem standa til boða við kaup á listaverkum. Gegnum tilraunaverkefnið Artótek hafa um 130 verk verið leigð út og tæplega 100 hafa selst. Erlendir ferðamenn gefa Reykjavík góða einkunn eins og kemur fram í könnun sem Höfuðborgarstofa lét vinna. Sundlaugarnar fá hæstu einkunnina en greinileg stigandi er í aðsókn á söfn milli ára.

-sdg

**STEFÁN JÓN HAFSTEIN** Innan um lista- verk í Artótekínu.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Samanburður ASÍ á lífskjörum á Norðurlöndum:

# Lífskjör launafólks lakari hér á landi

**KJARAMÁL** Íslendingar eru eftirbátar annarra norrænna þjóða þegar kemur að almennum lífskjörum samkvæmt nýrri úttekt sem hagdeild Alþýðusambands Ísland hefur gert. Samkvæmt skýrslunni standast Íslendingar ágætlega samanburð hvað heildarlaun varðar en að teknu tilliti til verðlags auk mun lengri vinnutíma breytist myndin verulega til hins verra. Heildarlaunin breytast þannig úr því að vera vel samanburðarhæf við að vera þau allra lægstu miðað við hin löndin þrjú sem um ræðir, Danmörku, Svíþjóð og Noreg. Helgast langur vinnutími Íslendinga fyrst og fremst af lítill framleiðni en hún er mun lægri en í samanburðarlöndunum. Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, segir að hátt verðlag þýði að minna verði úr þeim krónum sem launafólk hér

vinnur sér inn. „Þegar við bætist að við erum mun lengur að vinna fyrir þessum sömu launum hallar verulega undan fæti. Með örfáum undantekningum erum við eftirbátar þessara þriggja þjóða sem úttektin tekur til.“ Hann bendir á að einhleypir á Íslandi komi betur út en aðrar fjölskyldugerðir í samanburðinum. „Í Danmörku og Svíþjóð eru skattar mun hærri en hér á landi en það á líka við um framlög til velferðarmála. Stærsta breytan er sú hvað barnabætur hérlandis eru miklu lakari en hjá hinum þremur löndunum.“

-aðe

**MINNI FRAMLEIÐNI** Íslendingar eru talsverðir eftirbátar Dana, Svía og Norðmanna, sérstaklega þegar kemur að framleiðni á hverja klukkustund. Við framleiðum sem svarar til tæplega 34 dollara hverja klukkustund en framleiðni Norðmanna eru tæpir 57 dollarar fyrir sama tíma.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM





Bauhaus vill byggingarleyfi í Úlfarsfelli:

# Opna sumarið 2007

**ATVINNULÍF** Forsvarsmenn einnar stærstu byggingarvöruverslana-keðju heims, Bauhaus, hafa lagt fram formlega ósk til borgarráðs um leyfi til að reisa 20 þúsund fermetra verslun í landi Úlfarsfells. Ef leyfi fæst verður þetta stærsta byggingavöruverslun landsins.

Áætlanir Bauhaus gera ráð fyrir að verslunin verði opnuð sumarið 2007 og muni veita um 140 starfsmönnum atvinnu.

Mads Jörgensen, yfirmaður Bauhaus í Danmörku, sem stýrir sókn fyrirtækisins til Íslands, segir engan vafa leika á því að fyrirtækinu verði vel tekið af Íslendingum. „Stefna Bauhaus hefur skilað fyr-



**ÚLFARSFELL** Stærsta byggingavöruverslun landsins mun rísa hér þarnaesta sumar ef áætlanir Bauhaus-keðjunnar ganga eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

irtækinu miklum vexti til þessa og ekki ástæða til að ætla annað en að hún geti orðið íslenskum neytendum til hagsbóta.“

- aðe

Fornar hellamyndir varpa nýju ljósi á skíðaíþróttina:

## Kínverjar renndu sér fyrstir á skíðum

**KÍNA, REUTERS** Kínverjar segjast hafa sönnun fyrir því að þeir hafi fundið upp skíðaíþróttina.

Xinhua fréttastofan tilkynnti nýverið að mynd hafi fundist í helli í Altay-fjöllunum sem sanni að íbúar fjallanna notuðu skíði við veiðar á steinöld fyrir 100.000 til 200.000 árum. Vísindamenn sögðu myndina vera af fjórum mönnum á hesta- og nautgripaveiðum, og standi þrír þeirra á lóngum spýtum og styðja sig við stafi.

Kínverjar segjast einnig hafa verið fyrstir til að finna upp byssu-púður, prentvélina, golf, knattspyrnu og pasta.

- smk



**SKÍÐAFERÐ** Kínverjar segjast hafa fundið upp skíðin. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

## NISSAN MICRA



SKIPT\_um stíl



## 2006 SVAKA SÆT OG SJÁLFSKIPT LÍKA!

**Micra** sjálfskiptur  
Verð 1.490.000,-

**Micra** beinskiptur  
Verð 1.360.000,-

Micra er frísk og skemmtileg, falleg, finleg og svo eyðir hún næstum engu. Hún er svo gott sem hinn fullkomni förunautur!

Nýárstilboð – 50.000,- kaupauki

Öllum Nissan Micra sem keyptir eru í janúar fylgja vetrardekk.



FILEN/SIA

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

9,3%  
nafnávöxtun árið 2005

Fyrirtækjabréf  
Landsbankans

Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa nymri fjárfestingaheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Fyrirtækjabréf fjárfesta að stærstum hluta í verðtryggðum bréfum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. mun á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu fyrir sjóðinn á afgreiðslustöðum Landsbankans og á heimasíðu Landsbankans, [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is). Athygli er vakin á því að verðbréfavíðskipti geta verið áhættusöm og að ávöxtun í fortíð gefur engar vísbendingar um ávöxtun í framtíð.





Við drögum  
ó morgun



Milljónomæringur nr. 141

Ég vil bora  
ekki gera allt vitloust  
hérna í sveitinni


Það er auðvitað alltaf gleðilegt að vinna en þú mátt samt alveg halda því bara fyrir þig og þína. Á þessu ári greiðum við út um 800 milljónir í beinhörðum peningum. Tryggðu þér miða í síma 800 6611 eða á [hhi.is](http://hhi.is). Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.



**HAPPDRAETTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS**  
*vænlegast til vinnings*



### Svona erum við



# baksvið

fréttir og fróðleikur

### FBL-GREINING: EINKALEYFI

## Hindrar notkun í heimildarleysi

Þúsundir, ef ekki milljónir, einkaleyfa eru skráð í heiminum hvert ár. Hér á landi er rekin sérstök einkaleyfastofa sem yfirfer allar umsóknir um einkaleyfi sem sótt er um hérlandis. Afar sértækar reglur gilda um einkaleyfi og allar umsóknir þurfa að vera vandaðar og vel ígrundaðar.

#### Hvað er einkaleyfi?

Einkaleyfi má skilgreina sem rétt uppfinningamanns á uppfinningu sinni og gefur honum jafnframt rétt til að hindra að aðrir noti hana án heimildar. Í flestum tilfellum er um tæknilegar uppfinningar og ekki má rugla orðinu einkaleyfi við aðra notkun orðsins í öðrum lögum, samanber einka- eða sérleyfi, sem getur til að mynda átt við um flutningafyrirtæki eða farþegaflutninga.

#### Hvernig fást slík leyfi?

Með umsókn til Einkaleyfastofunnar hér á landi og í samsvarandi stofnunum erlendis. Flest slík leyfi eru

aðeins veitt sé sýnt fram á með rökum að um nýja uppfinningu sé að ræða. Uppfinningin þarf að vera frábrugðin því sem þegar er fyrir á markaðnum og hana verður að vera hægt að nýta í atvinnulífinu. Ákvæði laga og reglugerða er yfirgripsmikið hvað einkaleyfi varðar og sérstakar reglur gilda að auki um alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir.

#### Hversu mörg leyfi eru afgreidd?

Sem dæmi um hversu erfið það getur verið að öðlast einkaleyfi á uppfinningu er hægt að líta til talna Einkaleyfastofunnar hér á landi fyrir síðasta ár. Þá bárust yfir sex hundruð einkaleyfisumsóknir en veitt einkaleyfi það árið voru rétt rúmlega hundruð. Langflest þeirra voru veitt erlendum fyrirtækjum eða einstaklingum. Íslensk einkaleyfi voru aðeins um tíu talsins 2005.



### SPURT & SVARAÐ

NETHEIMAR



HRÖNN PORMÓÐSDÓTTIR  
Verkefnastjóri hjá Barnaheill

## Barnaklám á Netinu

Barnaheill hélt ráðstefnu um hvernig stöðva má barnaklám á Netinu. Hrönn Pormóðsdóttir verkefnastjóri:

**Er ástandið hér á Íslandi jafn alvarlegt og erlendis?**

Ég held að það sé í sama hlutfalli og erlendis, miðað við íbúafjölda.

**Ættu stjórnvöld að bjóða einstaklingum aðgang að netvöktunarforritum án greiðslu?**

Kannski, alltént mætti slá eitthvað af verðinu svo fleiri hefðu aðgang að þeim. Þetta er ein leið en það þarf að nota margar. Til dæmis þarf að kenna barninu siðferði og fólki almennt að nota þá kosti sem bjóðast.

**Ættu Íslendingar að taka upp netsiun á landsvisu eins og tíðkast orðið erlendis?**

Ég vil svara þessu þannig að við ættum að skoða þann möguleika.

Palestínumenn hafa hrist duglega upp í heimalandi sínu, Mið-Austurlöndum, og heiminum öllum með því að veita hinum herskáu Hamas-samtökum ótvírætt umboð í lýðræðislegum kosningum til að vera pólitískir málsvavar palestínsku þjóðarinnar, bæði inn á við og út á við. Og það þótt samtökin hafi enn á stefnuskránni að útmá Ísraelsríki og koma á sjaría-lögum bókstafstrúaðra múslima.

Lokaúrslit atkvæðatalningar skiluðu Hamas 74 sætum af 132 á palestínska löggjafarþinginu. Fatah-hreyfingin, sem haldið hefur um stjórntauma palestínsku heimastjórnarinnar frá því henni var komið á fót fyrir tólf árum, fékk 45 þingsæti. Hafa ber þó í huga að munurinn á heildaratkvæðamagni Hamas og Fatah var mun minni en sem nemur þessum mikla mun á fulltrúafjölda. Hamas fékk alls rúmlega 43 prósent atkvæða en Fatah rúmlega 40 prósent.

Að Hamas skyldi fá svo miklu fleiri þingmenn út á svo lítið forskot í heildaratkvæðamagni skýrist af því að frambjóðendur

Hamas fengu flest atkvæði í flestum einmenningskjördæmum. Kosningakerfið er sambland einmenningskjördæma og hlutfallslistakosninga. Auk þess eru fáein þingsæti tekin frá fyrir kristna minnihlutann. Þrettán þingsæti dreifðust á smáflokka. Þannig komst meðal annarra lækurinn Mustafa Barghouthi, sem margir Íslendingar kannast við, inn á þing, en atkvæðamagn lista hans, Sjálfstæðrar Palestínu, var aðeins um 2,6 prósent. Annar mannréttindafrómuður, Hanan Ashrawi, sem var með listann Þriðju leiðina, slapp inn í öðru sæti á sínum lista sem fékk um 2,3 prósent.

#### Vesturlönd hóta að skrúfa fyrir fjárstuðning

Við blasir að skýringa á því að frambjóðendur Hamas skyldu hafa betur en frambjóðendur Fatah í svo mörgum einmenningskjördæmum er helzt að leita í spillingunni sem Fatah-menn hafa gerzt sekir um eftir því sem þeir héldu lengur um stjórntaumana, án nokkurrar virkrar stjórnarandstöðu. Hamas-liðar háðu sína kosningabaráttu aðallega með slagorðum um að skera upp herör gegn spillingu og loforðum um bættu velferðarþjónustu. Það er hins vegar ljóst að stjórn skipuð Hamas-liðum eingöngu verður illa í stakk búin að efna þessi loforð þar sem Bandaríkjastjórn og fleiri erlendir aðilar, sem hafa veitt rausnarlegum fjárstyrkjum til palestínsku heimastjórnarinnar fram til þessa, hafa hótad að hætta öllum slíkum stuðningi ef Hamas-stjórnin tekur ekki upp friðvænlegri stefnu gagnvart Ísrael og heitir því að afvopna vígamanna-sveitir samtakanna. Hamas-sam-



**KHALED MASHAAL** Einn helzti leiðtogi Hamas talar á blaðamannafundi í Damaskus í Sýrlandi. Hann vill stjórna í félagi við aðrar fylkingar Palestínumanna, en óvist er hvort það gengur eftir. Í bakgrunni eru myndir af PLO-leiðtoganum Jasser Arafat og Ahmed Yassin, stofnanda Hamas, sem Ísraelar myrtu árið 2004.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

tökin hafa á liðnum árum staðið að baki ótal sjálfsvígssprengjuárása á Ísraelska borgara.

#### Grunnt á því góða milli fylkinga

Leiðtogar Hamas hafa aftur á móti lýst því yfir að þeir hyggist koma á fót eiginlegum her Palestínumanna og vígamannasveitir samtakanna verði innlimaðar í hann. Í öryggissveitum palestínsku heimastjórnarinnar eru um 58.000 menn undir vopnum, en þeir eru upp til hópa flokkshollir Fatah-menn sem óttast um sinn hag ef Hamas fær eitthvað yfir þeim að segja. Hluti sveitanna heyrir undir ráðherra í heimastjórninni en hluti undir forsetann, Fatah-manninn Mahmoud Abbas. Til árekstra kom milli Fatah-hollra öryggissveita- og lögreglumanna og Hamas-manna um helgina. Sú ólga kraumar áfram.

Það var ekki mikinn sáttatón að heyra í máli leiðtoga Hamas um helgina. Þeir lýstu því meðal annars yfir í gær að þeir hygðust hafa sjaría-lög að leiðarljósi við lagasetningu, án þess þó að ætla að ganga svo langt að loka vinnveitingastöðum eða banna konum að sjást á almannaferi innan um karla. Það biði þess tíma er sjálfstætt ríki Palestinumanna væri orðið að veruleika. „Þegar við fáum okkar ríki munum við láta fólkinu eftir að velja,“ sagði Mahmoud Ramahi, einn æðstu manna Hamas í samtali við Reuters-

fréttastofuna. „Við munum láta fólkið velja í þjóðaratkvæðagreiðslu, og við erum vissir um að palestínska þjóðin velur íslam.“

Með tilliti til þess að flestir Palestínumenn hafa hingað til hallast að því að vilja málamíðlun við Ísrael og kæra sig ekki um að vera gert að lifa eftir sjaría-lögum er frekar ólíklegt að þessi framtíðarsýn Ramahi verði að veruleika, en hún sýnir hve mikil umskipti fylgja stjórnarskiptunum.

#### Horfurnar ekki bjartar

Ehud Olmert, starfandi forsætisráðherra Ísraels, ítrekaði í gær að Ísraelsstjórn myndi ekki taka upp nein tengsl við stjórn Palestínumanna sem ekki viðurkenndi fullveldi Ísraels og afneitaði ofbeldi. Ísraelski varnarmálaráðherrann Shaul Mofaz hótad að „taka af lífi“ herskúa Hamas-menn sem hefðu verið viðriðnir árásir á Ísraela.

Að Palestínumenn skuli hafa sýnt þann lýðræðisþroska að skipta um þingmeirihluta þegar sá gamli var búinn að missa traust virðist því ekki ætla að gera horfurnar bjartari fyrir botni Miðjarðarhafs. ■



**FRÉTTASKÝRING**  
**AUDUNN ARNÓRSSON**  
audunn@frettabladid.is

DV

ÞRÍR PILTAR SÖFNUÐU FÉ FYRIR EITURLYFJAKAUPUM Í AMSTERDAM

Átján ára strákar með kókaín fyrir tugmilljónir


MEÐ SLÓÐ AF ÓUPPPERÐUM SÖKUM Í RÉTTARKERFINU

þeirir þegar aðrir þegja!

#### HAMAS TIL VALDA

Lokaúrslit úr kosningunum til palestínska löggjafarþingsins verða ekki kunnngjörð fyrr en hálfum mánuði eftir að þær fóru fram, en samkvæmt bráðabirgða-lokatölum fékk Hamas 74 af 132 þingsætum og Fatah-hreyfingin 45.

#### Hlutfall þingsæta



\*Löðfylking fyrir frelsun Palestínu

Heimild: Kjörstjórn, AP



# PEUGEOT 407

# TÖLUM UM HRÍFANDI ÖRYGGI

Meistarahönnun Peugeot 407 uppfyllir ítrustu væntingar beggja hliða hugans



Peugeot 407 frá kr. **2.135.000**  
kr. 22.188 á mánuði \*

Peugeot 407 SW frá kr. **2.295.000**  
kr. 23.839 á mánuði \*

[www.peugeot.is](http://www.peugeot.is)



Sjaldan hefur fimm stjörnu öryggi verið eins fallega hannað og Peugeot 407 - meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Feiknalangur listinn yfir staðalbúnað er einungis toppaður af enn glæsilegri lista yfir öryggisbúnað. Þú velur vélar og búnað eftir óskum og þörfum en hrífandi útlitið er alltaf staðalbúnaður. Komdu og upplifðu einstakan samhljóm í sportlegum aksturseiginleikum, öryggi og fegurð – sem fær báðar hliðar hugans til að segja: - Já. Útfærslunni ræður þú, þannig að við höfum margt að tala saman um. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum

# 407



PEUGEOT

\* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985  
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535



Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru ný verðlaun sem verða veitt árlega hér eftir.

## Upplýsingar óskast um góðverk

Í dag ýtir Fréttablaðið úr vör nýjum verðlaunum með því að spyrja ykkur, lesendur góðir, hvort þið hafið orðið vitni að góðverki? Ef svo er viljum við biðja ykkur um að deila því með okkur og senda tilnefningar til blaðsins með nöfnum þess fólks sem þið teljið að hafi á einhvern hátt látið sérstaklega gott af sér leiða og með því bætt íslenskt samfélag. Þeir sem skara fram úr í þeim hópi munu hljóta Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins sem verða afhent í fyrsta skipti við hátíðlega athöfn þann 23. febrúar.

Það hefur verið sagt um fjölmiðla að þeir geri ekki annað en að spegla það samfélag sem þeir eru hluti af. Þetta er vissulega rétt, en þar með er ekki sagt að fjölmiðlar geti skotið sér undan ábyrgð á því hvernig mynd þeir bregða upp af umhverfi sínu; hvort áherslan sé úr hófi á hið neikvæða og skelfilega í lífinu frekar en hið góða og jákvæða.

Árni Snævarr, upplýsingafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, vakti athygli á því í grein hér í blaðinu fyrir skömmu að þrátt fyrir „blóði drifnar“ fréttir af ástandi heimsins sýndi ný ítarleg rannsókn Human Security Report 2005 að árið 2004 voru skráð átök á heimsvísu 40 prósent færri en rúmlega áratugi fyrr og að fjöldamorðum hefði fækkað um 80 prósent frá því í byrjun níunda áratugarins. Sem sagt, að þrátt fyrir hina nóturlegu heimsmynd sem birtist í fjölmiðlum er staðreyndin sú að heimur batnandi fer.

Ef við lítum okkur nær er svipaða sögu að segja um þá mynd sem við íslenskir fjölmiðlamenn bregðum upp af okkar nánasta umhverfi. Þrátt fyrir að skýrslur og tölfræði lögreglunnar segi okkur að alvarlegum ofbeldisbrotum og glæpum almennt fari stöðugt fækkandi virðist einhver óskilgreindur ótti stigmagnast í samfélaginu. Nýleg skoðanakönnun sýnir til dæmis að allt að 80 prósent Reykvíkinga eru hræddir við að vera á ferð í miðbænum eftir að skyggja tekur. Sem íbúi í miðbænum til margra ára get ég fullyrt að sá háski sem á að vera þar viðvarandi er stórkostlega ýktur, enda sýndi sama könnun að því fjær sem fólk bjó frá miðbænum og því sjaldnar sem það kom þangað, því meira óttaðist það hann. Á hverju byggist þá hræðslan? Tæplega öðru en þeim veruleika sem fjölmiðlar kjósa að sýna. Og það er mikið alvörumál, því ótti skerðir lífsgæði fólks.

Í grein sinni vitnaði Árni Snævarr í orð Gareth Evans, forseta International Crisis Group og fyrrverandi utanríkisráðherra Ástralíu, sem fangaði þennan veruleika fjölmiðlanna í hnotskurn þegar hann sagði „að bestu fréttirnar séu þær sem komist ekki í kvöldfréttirnar, sögur um hunda sem ekki gelta. Eða hvenær má sjá fyrrisögnina: „Stríð braust ekki út,“ á síðum dagblaðanna?“

Í Fréttablaðinu í gær var einmitt frétt af þeirri ætt, en hún fékk ekki mikið pláss heldur lét lítið yfir sér í eindálki á blaðsíðu 6 undir fyrrisögninni „Helsingi færri brjóta af sér nú“ en þar sagði frá því að hegningarlagabrotum hefur fækkað um 55 prósent í Hafnarfirði á þremur árum. Vissulega mjög ánægjuleg tíðindi sem segja okkur að Hafnarfjörður sé betri bær en áður til að búa sér heimili.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru lóð á vogarskálar jákvæðari fréttu. Við vitum að sögur af hetjum hvunn dagsins eru þarna úti. Nú er komið að ykkur, lesendur góðir, að koma þeim á framfæri við okkur. ■

# Súr hvalur sá besti í bænum

Mikið úrval fiskrétta



-Þú getur alltaf treyst á prinsinn-  
Hlíðasmári 8 • S:5547200 • www.hafid.is

Nesvegur 100 s:5576922  
Arnarbakka 4-6 s:5621070

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Nýr ritstjóri

Ákvörðun útgefenda *Blaðsins* að ráða Ásgeir Sverrisson, fréttastjóra erlendra fréttu á *Morgunblaðinu*, ritstjóra kom á óvart. Í fjölmiðlaheiminum og líklega víðar áttu menn von á því að eitthvert þekkt andlit yrði fyrir valinu, einhver sem lesa hefur mátt um í *Séð og heyrt*. En þetta er ánægjuleg ákvörðun. Ásgeir er þungavigtarmaður í íslenski blaðamannastétt eftir nærri tveggja áratuga starfsferil. Æskufjör er gott en reynsla er dýrmætari. Gaman verður að sjá hverjar áherslur hans verða og hvert hann vill fara með *Blaðið*. Það hefur verið



útbreidd skoðun að *Blaðið* hafi ekki nógu margt að segja og það hefur hrapað í lesendakönnunum. Maður með reynslu og þekkingu Ásgeirs á að geta breytt þessu og gert þennan nýja fjölmiðil að frískum keppinaut hinna eldri miðla á markaðnum.

#### Skammtaðar fréttir

„Fjölmiðlar segja okkur ekki sannleikann er þeir skammta í okkur fréttir“, segir Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, í pistli á vefsíðu sinni jonas.is. Hann skrifar: „Þegar þeir sögðu á netinu frá ást hálfra þjóðarinnar á orkuverum, vil ég ekki bara vita hvaða álit fólk á Austurlandi hefur á Landsvirkjun. Ég vil líka vita um álit annars fólks, en fæ það ekki. Ég fæ að vita um prósentur, sem styðja vatnsafl og áliðnað, en fæ ekki á netinu að vita um prósentur hinna, sem gera

það ekki. 48% styðja ekki frekari álver og 43% styðja ekki frekari vatnsorkuver. Það eru háar tölur, en sást ekki í morgun á netsíðum fjölmiðlanna.“

#### Kanínur í Lesbók

Kanínur njóta mikilla vinsælda hér á landi sem gæludýr. En hitt er óljóst hvers vegna risastórar teikningar af þeim skreyta hvert tölublað *Lesbókar Morgunblaðsins* á fætur öðru. Það gæti kannski gengið einu sinni við eina grein en þegar allt blaðið er undirlagt slíkum teikningum er líklegt að fleiri en einn lesandi verði hissa. Getur verið að þarna búi einhver djúp merking að baki sem venjulegir lesendur ná ekki en gáfumennir í kringum blaðið séu með á hreinu? Kannski eitthvað rosalega svalt?

gm@frettabladid.is

## Nú er að hamra járneið

Ég held að það hafi verið í Mogganum - kannski á vísindavef HÍ - að ég rakst á spurningu til íslenskufræðinga um það hvort maður eigi að tala um að „gúgla“ eitthvað eða „gúgla“ einhverju - en þessa sniðugu sögn notar almenningur um það þegar leitarvél Google er notuð á Netinu til að finna vefsíður um hvaðeina. Fyrir svörum varð forstöðumaður Orðabókar Háskólans, og virtist stödd á einhverju allt öðru grasafjalli íslenskrar tungu en spyrjandinn, því hún ómakaði sig ekki við að svara spurningunni heldur vísaði henni nánast á bug.

Í stað þess að segja spyrjanda að betur myndi fara hér á þolfalli og nota fágætt tækifæri til að útskýra fyrir áhugasömu ungmenningi muninn á eðli þolfalls og þágufalls þá talaði málfræðingurinn af sínum grasa-fjallstindi um að hún kannaðist ekki við þessa sögn, sem þar með væri ekki til. Í stað þess að velta vöngum með spyrjanda og nota þar með fágætt tækifæri til að taka þátt í hinna eilífu sköpun íslenskrar tungu þá lét málfræðingurinn á sér skilja að þeirri sköpun sé nú lokið, ekki sé rúm fyrir fleiri orð, búið sé að loka málinu: sögnin „að gúgla“ er ekki í seðlasafni Orðabókarinnar og þar með er hún ekki til. Forstöðumaðurinn benti fyrirspyrjanda á það að betur fari á því að tala um „að leita á Google“.

Þetta er eins og einhver komi í búd og biðji um Kristal að drekka en fáir þau svör að sá drykkur sé ekki til og hafi aldrei verið til og skuli ekki vera til: hins vegar eigum við hérna Jolly Cola handa þér...

Spurningin sýnir tvennt: annars vegar fágæta hæfni íslenskunnar til að búa til snaggaralega sögn um hvers kyns athæfi í nútímanum, þrátt fyrir allan barlóminn um nafnorðastílinn; og hins vegar ööryggi í meðferð beyginga, óvissu

### Í DAG ÍSLENSK TUNGA

#### GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

...við þurfum bara að venjast því svolítið að heyra fólk tala íslensku í sjónvarpi um eitthvað annað en júrövisjónkeppnina...

um virkni fallanna sem við sáum síðast í því hvernig sögnin „að spá“ tók skyndilega að stjórna þágufalli með þeirri afleiðingu að sögnin „að pæla“ nánast hvarf úr málinu á einni nóttu. Og loks sýnir spurningin ískyggilegt sambandsleysi þeirra sem rannsaka málið við málnotkun nútímafólks; tilhneigingu til að líta svo á að Orðabókin sé lokuð bók, íslenskan sé best geymd í glerskápum á minjasafni undir vökulu auga og sólahringsvöktun Securitas.

Páll Valsson skar upp herör um daginn til varnar íslenskunni sem lifandi máli; og heill og heiður honum. Undirtektir voru ýmislegar svo sem vænta mátti, en það sem þó skipti mestu var að menntamála-ráðherra fagnaði þessum umræðum og virtist jafnvel deila þessum áhyggjum, samkvæmt viðtali við Moggann. Það eru tíðindi og brýnt að halda við þessum áhuga ráðherrans, því margt er undir Þorgerði Katrínu komið í þessu máli.

Við megum sennilega vænta þess að í kjölfarið verði íslensku-deild Háskóla Íslands stórefld en um nokkurt árabil hefur deildin búið við slíkt fjársvelt í að eðlileg

### EFST Í HUGA

#### JAKOBS FRÍMANNS MAGNÚSSONAR

Sá gríðarlegi tekjuafgangur ríkissjóðs sem nú blasir við í ljósi ofsa-gróða margra íslenskra stórfyrirtækja á árinu 2005 er fagnaðarefni. Þar nægir að nefna fyrirtæki á borð við Landsbankann, Baug og KB banka, en skattgreiðslur þessara fyrirtækja einna og sér vegna skattársins 2005 nema vel á annan tug milljarða umfram það sem reikna hefði mátt með að óbreyttu, miðað við árið 2004. Eru þá ótalin fjölmörg önnur fyrirtæki sem eiga eftir að skila gríðarlegi tekjuaukningu umfram væntingar til ríkissjóðs í formi skatta og annarra gjalda.

Þetta vekur upp spurningar um það með hvaða hætti ríkisstjórnin telur sanngjarnt að ráðstafa þessum umframtekjum. Það lá fyrir áður en fyrstu uppgjör stórfyrirtækjanna tóku að berast, að tekju-markmiðum tengdum fjárlögum

upp á 310 milljarða króna vegna yfirstandandi árs yrði auðveldlega náð og að umtalsverður tekjuafgangur ríkissjóðs yrði staðreynd. Sá tekjuafgangur verður skv. þessu hins vegar margfaldur miðað við fyrri væntingar.

Þrennt skal hér lagt til í þágu almennra þegna þessa lands: Að leiðréttu tafarlaust, með hækkun skattleysismarkna, hina skammarlegu aðför að kjörum hinna lægst launuðu sem viðgengist hefur frá árinu 1994. Í þessum hópi eru fjölmennastir þeir sem skópu forsendur þessa vellauðuga íslenska samfélags nútímans, hinir öldruðu. Þá bæri að verðlauna fyrirdrjúgt framlag en ekki refska með þeim hætti sem svo smánarlega hefur verið gert. Til að halda í við þau skattleysismörk sem gíltu hér árið 1994 þyrfti að lagfæra árlegan hlut hvers einstakl-

ings í þessum

hópi um a.m.k. kr. 115.000 á ári miðað við nú gildandi skattleysismörk. Það þýðir reyndar ekki nema um þrjá og hálft milljarð á ári, sem er brotabrot af þeim umframtekjum sem nú blasa við umsjónarmönnum ríkissjóðs miðað við gildandi fjárlög. Að afnema úrelt og óþörf stimpilgjöld vegna fasteignakaupa. Að lækka virðisaukaskatt, einkum á nauðsynjavörum.

Þeir yrðu menn að meiri sem fyrir slíkum breytingum stæðu á mestu uppgangstímum Íslandssögunnar. ■



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson ABSTODARITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík. ADALSIMI: 550 5000 SIMBREF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Eignir er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



### HÚS BLS. 3



# allt *fasteignir*

**ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS**

FRÉTTABLAÐIÐ

| FASTEIGNASÖLUR  | BLS.  |
|-----------------|-------|
| Árborgir        | 5     |
| Ás              | 10-12 |
| Bífröst         | 16    |
| Búseti          | 6     |
| Draumahús       | 18-21 |
| Eignastýring    | 13    |
| Fasteignastofan | 24    |
| FMG             | 4     |
| Foss            | 26    |
| Heimili         | 27    |
| Hof             | 4     |
| Hraunhamrar     | 25    |
| Húseign         | 22    |
| Höfði           | 15    |
| Lundur          | 14    |
| Lyngvík         | 28    |
| Neteign         | 26    |
| Nýtt            | 17    |
| Remax           | 23    |
| Smárinn         | 8-9   |
| Valhöll         | 7     |
| Xhús            | 5     |

**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er mánudagurinn  
30. janúar, 30. dagur  
ársins 2006.**



| Sólarupprás |       | Hádegi Sólarlag |       |
|-------------|-------|-----------------|-------|
| Reykjavík   | 10.12 | 13.26           | 16.40 |
| Akureyri    | 10.14 | 13.41           | 17.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*



Smáauglýsingasími  
**550 5000**

Auglýsingasími Allt  
**550 5880**

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á [visir.is](https://www.visir.is)



Húsið er að miklu leyti uppgert.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

# Fallegt einbýlishús með heitum potti

*Glæsilegt sex herbergja  
einbýlishús á Sogavegi  
sem búið er að taka í  
gegn.*

Fasteignasalan Bifröst er með 171,9 fermetra einbýlishús til sölu. Auk þess er 24,8 fermetra bílskúr og nýleg 8 fermetra viðbygging sem í er forstofa.

Húsið er á þremur hæðum. Á jarðhæð er forstofa, stofa þaðan sem

útgengt er á pall, eldhús með hvítri innréttingu og innfelldri uppþvottavél, hol og gestasnyrting með upphengdu salerni og rennihurð. Á gólfum jarðhæðar er hvítur ópalsteinn nema á plastparketlögðu eldhúsinu.

Teppalagður stigi liggur upp á efri hæð. Þar eru þrjú parketlögð svefnherbergi og stórt baðherbergi með baði, sturtu og þvottaaðstöðu.

Í kjallara er tveggja herbergja íbúð með sérinnangi og hægt er að opna

milli hæða.

Að sögn eiganda hefur gler í flestum gluggum verið endurnýjað og þak yfirfarið og viðgert árið 2000. Ennfremur eru rafmagns- og pípulagnir nýjar.

Bílaplanið er hellulagt með hitalögn og bílskúrinn með hurðaropnara, gryfju og heitu og köldu vatni. Aftan við húsið er garður og stór pallur með heitum potti.

Ásett verð er 49,8 milljónir.

# Draumahús á spænskri strönd

*Fasteignasölnurnar  
Gloría Casa og Heimili  
kynna fasteignakaup á  
Spáni.*



Á kynningunni sem haldin verður 4. - 5. febrúar í Perlunni verða kynntar eignir á Torrevieja-svæðinu við ströndina Costa Blanca. Verð fasteigna á þessu svæði hefur hækkað síðustu ár og samkvæmt spám er gert ráð fyrir að það eigi eftir að hækka mikið á næstu árum. Á kynningunni mun Hrafnhildur Eiríksdóttir, útíbústjóri hjá CAM, stærsta

sparisjóðnum á Costa Blanca ströndinni, veita ráðgjöf um fjármögnum fasteignakaupa og Jose Escudero, eigandi Escudero Promotores, kynnir fyrirtæki sitt og þær eignir sem eru í byggingu og sölu. Íslendingar keyptu um 40 íbúðir af Escudero í Agua Marina hverfinu í Orihuela Costa árið 2005.

# Fasteignalán

# Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is





**Stigar, allar gerðir  
Innihurðir  
Franskir gluggar**

Heildarlausnir  
Hagstæð verð

Mex byggingavörur  
Lynghóls 3  
Árbæjarkverfi  
Sími 567 1300 & 848 3215  
www.imex.is

**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Það má fljótlega fara að klippa tré og runna.

## Vorklippingar á trjám og runnum

Þegar að fer að vora fara margir að huga að því að snyrta til í gördum sínum. Eitt af því sem má fara að gera fljótlega er að klippa tré og runna.

Garðlist í Kópavogi tekur að sér að klippa tré og runna fyrir þá sem þess óska. „Um leið og snjóá leysir má fara að byrja að klippa en það er erfitt að klippa þegar allt er á kafi í snjó því þá þarf að hreinsa allar greinarnar," segir Brynjar Kjærnestad hjá Garðlist. Hann

segir að í lok febrúar hefjist aðal klippingatíminn og að hann standi til loka apríl. „Það er gott að klippa svona tvisvar á ári, seinnipart vetrar og síðsumars," segir Brynjar. Vorklippingar hjá Garðlist er hægt að panta í gegnum síma eða á heimasíðunni [www.gardlist.is](http://www.gardlist.is).

# FRÁBÆR TILBOÐ

**Aloe Vera gæsdúnsæng 135x205 kr. 18.900-**

**Aloe Vera gæsdúnkoddi 50x70 kr. 7.900-**

Allar dúnsængur og dúnkoddar frá Gæði & Mýkt eru merktar og viðurkenndar af danska astma og ofnæmisfélaginu. Flestar dúnsængur frá Gæði & Mýkt eru með 15 ára ábyrgð. Dúnsængur og dúnkoddar frá Gæði & Mýkt má þvo. Allar dúnsængur og dúnkoddar frá Gæði & Mýkt eru með dún og fiðurheldu bómullaráklæði.

*Gæði & Mýkt*  
- í svefninn þinn

Opnunartími: Virka daga 13-18 • Lokað laugardaga • Grensásvegur 12, sími 568 1919

## Áberandi öryggi

Það er stíll yfir því að vera staðlaður  
EN 471 staðall um sýnileika

**DYNJANDI**  
allt fyrir öryggið

Skeifan 3 108 Reykjavík Sími: 588 5080 [www.dynjandi.is](http://www.dynjandi.is)

## Heimilislán SPK

- þú færð betri kjör hjá okkur

Þú getur notað lánið til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

Sparisjóður Kópavogs

Hlíðasmára 19 • Digranesvegi 10 • Select við Smáralind  
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • [www.spk.is](http://www.spk.is) • [spk@spk.is](mailto:spk@spk.is)



- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur hjá SPK





Í Þingholtunum er mikið af fallegum gömlum húsum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Styrkir til viðhalds

Húsverndarsjóður Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðhalds gamalla húsa.

Hægt er að sækja um styrki úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur til viðgerða og endurbygginga á húsum sem hafa sérstakt varðveislugildi. Umsóknir verða að berast til skipulagsfulltrúa á Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur fyrir 7. febrúar. Í umsóknum verður að koma fram lýsing á fyrirhuguðum breytingum, tímaáætlun, kostnaðaráætlun og nýjar og gamlar ljósmyndir af húsunum. Allar ytri viðgerðir eins og viðgerðir á klæðningum, steypum þakrennum og garðveggjum sem hafa áhrif á heildarsvip ákveðinna svæða hafa forgang þegar kemur að styrkveitingu. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á Árbæjarsafni og hjá Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur, Borgartúni 3. Einnig er hægt að sækja um styrki á heimasíðu Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur, [www.skipbygg.is](http://www.skipbygg.is).

**GLUGGA LAUSNIR**  
**Útsýni með stíl**  
**Vandað, einfalt og ódýrt**  
**Hafðu samband og við komum heim til þín**  
**Blinds 534 1300**  
**[www.gluggalausnir.is](http://www.gluggalausnir.is)**

**RÁÐ frá Rakel**  
RAKEL ÁRNADÓTTIR FJALLAR UM FYRIRMYNDARELDHÚS

## Skipulag eldhúsa

Til eru nokkrar þumalputtaeglu sem hafa verður í huga þegar eldhús er skipulagt með tilliti til vinnuhagræðingar. Uppröðun fastra innréttinga í eldhúsi geta verið með ýmsum hætti. Má þar nefna U-laga eldhús, vinkileldhús, eins- og tveggja hliða eldhús. Oft er talað um vinnuþríhyrning við skipulag á eldhúsum, en hann er lína sem má draga milli vask, eldavélar og isskáps. Ráðlegt er að hafa ekki meira en tvær armlengdir milli einhvers af þessu þrennu, en þó ekki svo þröngt að það hefti athafnarýmið.

Almennan reglan er að hafa minnst 40 cm vinnuþráss hægra megin við eldavél og helst 100 cm vinstra megin. Bakarofn og eldavél mega ekki vera nær borðhorni eða hliðarvegg en 20 cm til að vinnuáðstaðan sé ekki óþægileg. Ef ofn er á vegg þarf að gera ráð fyrir borðplássi rétt hjá til að leggja frá sér. Þar sem rýmið er stórt og opið getur verið gott að hafa eldunareyju. Þetta fyrirkomulag hentar einnig vel í einnar hliðar eldhúsi þar sem eyjan er sett þannig að vaskur og eldavél standi

andspænis hvort öðru. Eldunareyjan þyrfti að vera 120 cm á breidd því gera verður ráð fyrir borðplássi til beggja hliða. Ef það næst ekki er ráð að hafa dýptina um 90 cm. Ef dýptin er einungis 60 cm þarf að hafa einhverja upphækkun aftan við hana, meðal annars til að varna slysum. Örbylgjuofn skal aldrei vera staðsettur hærra en 120 cm frá gólfi þar sem meiri hæð eykur líkur á að missa heitt innihaldið yfir sig.

Í kringum vask þarf að vera borðpláss fyrir óhreint leirtau hægra megin og hreint vinstra megin, því þvegið er upp frá hægri til vinstri. Ef uppþvottavél er í eldhúsinu er best að hafa hana vinstra megin við vask. Borðkrókur í eldhúsi verður að vera minnst 200 cm svo pláss sé fyrir fristandandi borð og stóla. Þegar ráðað er eldhús-áhöldum í skápa er gott að hafa í huga að það sem notað er oft þarf að vera aðgengilegt. Hentug hæð er á bilinu 40-180 cm frá gólfi. Mælt er með að hægt sé að draga út neðri skápa í stað þess að hafa hillur. Þannig nýtist plássið betur og fæst betri yfirsýn yfir innihaldið.

**allt**  
hús

Alla mánudaga

**STIGAR**  
**HANDRIÐ**  
[www.stigalagerinn.is](http://www.stigalagerinn.is)

**Stigalagerinn**  
Dalbrekku 26  
Kópavogi  
sími 5641890

**GÍTARINN**  
HLJÓÐFÆRAVERSLUN

**ÚTSALA**  
10. Janúar - 10. Febrúar  
**Allt að 70% Afsláttur**  
**Komið og gerið frábær kaup!**

Stórhóla 27 • Sími: 552-2125 • [www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is) • [gitarinn@gitarinn.is](mailto:gitarinn@gitarinn.is)

**GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...**

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | [www.pgv.is](http://www.pgv.is)

# Íslenska verzlunarfélagið flytur í Ögurhvarf 8

**ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ**  
Ögurhvarf 8 • 203 Kópavogur • Sími 564 5500 • Fax 564 5555  
[isv@isv.is](mailto:isv@isv.is) • [www.isv.is](http://www.isv.is)





**FASTEIGNA  
MIÐLUN**  
GRAFARVOGS

Sími 575 8585 – Spönginni 37 – 112 Reykjavík – [www.fmg.is](http://www.fmg.is)

**FÉLAG FASTEIGNASALA**

**Opið virka daga  
frá kl. 09:00-18:00.  
[www.fmg.is](http://www.fmg.is)**



Sverrir Kristjánsson  
lögg. fasteignasali  
sími 896 4489



Karl Dúi Karlsson  
sölumaður  
GSM 898 6860



**Samtengd söluskrá**  
Sex fasteignasölur  
- ein skráning - minni kostnaður -  
- margfaldur árangur -  
[www.whus.is](http://www.whus.is)



### VÆTTABORGIR - RAÐHÚS

Mjög glæsilegt og vel skipulagt 161,3 fm raðhús á 2 hæðum, innbyggður bílskúr. Upphitað bilaplan. Rúmgóð stofa og borðstofa. Sólballur með heitum potti og vandaðri lýsingu. 4 svefnherb. og svalir með glæsilegu útsýni. 2 baðherb. með vönduðum tækjum og innréttingu. Glæsilegt eldhús. Geymslurými undir súð. Húsið er fullbúið og nýmálað að innan, vandaðar innréttingar, parket og flísar. **V. 39,9 millj.**



### HÁALEITISBRAUT - 4RA HERB. ENDAÍBÚÐ

Falleg 105,1 fm, 4ra herb. endaíbúð á 1. hæð, ásamt ca 5 fm geymslu. Flísalagt hol með skáp og fatahengi. Eldhús með borðkrók og viðar-innréttingu. Vönduð árgömul tæki. Flísar á gólf. 3 svefnherb., 2 með skápum. Parket og dúkur á gólfum. Stofan er mjög björt og rúmgóð, parket. Suður svalir. Baðherb. flísalagt. Nýleg innrétting. Baðkar með sturtuðstöðu. Tengt er fyrir þvottavél. **V. 23,9 millj.**



### PRASTARÁS - 4RA HERB. ENDAÍBÚÐ

Mjög falleg 4ra herb., 111,5 fm endaíbúð á 3. hæð í Hafnarfirði. Glæsilegt útsýni. Sér inngangur af svölum en sameiginlegur inn í húsið. 3 svefnherb., öll með skápum. 16 fm hjónaherb.. Flísalagt baðherb.. Eldhús með borðkrók. Þvottaherb. innan íbúðar. Fallegar innréttingar, innfelldar hurðar. Flísar og parket á gólfum. Sér geymsla í sameign. Stutt í alla þjónustu. **V. 25,3 millj.**



### GNODARVOGUR - 3JA HERB ENDAÍBÚÐ

Falleg 3ja herb., 76,4 fm endaíbúð á 3. hæð í Mosfellsbæ. Hol með fatahengi og skápum. Barnaherb. og rúmgott hjónaherb.. Stofan er björt og þaðan er gengið út á litlar vestur svalir. Baðherb. er flísalagt og með innréttingu og baðkari. Eldhús með upprunalegum innréttingum og borðkrók. Nýleg eldavél og einnig hefur verið skipt um ofna í íbúðinni. Sér geymsla. Snýtileg sameign. **V. 15,8 millj.**



### STYKKISHÓLMUR - EINBÝLI

Lítið snorturt 115,7 fm einbýlishús sem stendur á hornlód við Silfurgötu, ásamt 19,2 fm sérstæðum bílskúr. Húsið er klætt að utan. Efri hæð: Forstofa, eldhús með borðkrók, borðstofa, stofa, svefnherb. og baðherb.. Neðri hæð: Svefnherb., þvottaherb. og geymsla. Fallegt hús á góðum stað. **V. 12,5 millj.**



### BORGARTÚN - LÚXUS ENDAÍBÚÐ

Mjög falleg, 160,4 fm „lúxus-endaíbúð“ á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi við Borgartún ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Húsið er byggt 2003 og álklaett. Íbúðin er vel skipulögð og björt, gluggar á 3 vegu. Gengið inn í forstofu beint úr lyftu. 2 svefnherb., fataherb., 2 baðherb., eldhús með vandaðri innréttingu og tækjum. 2 svalir. Í kjallara er sérgeymsla. Að auki er sér merkt bílastæði við húsið. **V. 49,5 millj.**



### LÓMASALIR - 4RA HERB. M/BÍLAGEYMSLU

Mjög falleg 4ra herb., 124,2 fm endaíbúð á 2. hæð í nýju (2003) lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu á glæsilegum útsýnisstað í Kópavogi. Falleg gólfefni og vandaðar innréttingar. Anddyrið og svefnherb. með rúmgóðum skápum. Sjónvarps-hol, rúmgóð stofa og vestur svalir. Flísaagt baðherb. Þvottaherb. innaf eldhúsi. Stór sérgeymsla í sameign. Stutt í alla þjónustu. **V. 26,9 millj.**



### FLÉTTURIMI - 3JA HERB. M/BÍLAGEYMSLU

Falleg 3ja herb., 84,7 fm íbúð á 2. hæð ásamt 13,5 fm stæði í lokaðri bílageymslu. Komið er inn í opið flísalagt hol. 2 rúmgóð svefnherb. með skápum. Baðherb. er með baðkari og innréttingu. Stofan er rúmgóð og björt, útgengt á vestur svalir með fallegu útsýni. Eldhús með borðkrók. Þvottaherb. er innan íbúðar. Sér geymsla. Nýbúið er að mála sameignina. Parket, dúkur og flísar á gólfum. **V. 18,9 millj.**



### BARÐASTAÐIR - 2JA HERB.

Mjög falleg 2ja herb. íbúð á 2. hæð. Anddyri með fataskáp. Eldhúsið er með fallegri innréttingu og borðkrók. Stofan er rúmgóð og björt, gengið út á vestur-svalir með útsýni. Baðherb. er flísalagt og með innréttingu, baðkari og tengi fyrir þvottavél. Hjónaherb. með stórum skápum. Fallegt parket og flísar á gólfum. Sér geymsla í sameign. Nýbúið er að gera við og mála húsið að utan. **V. 16,9 millj.**



### STYKKISHÓLMUR - EINBÝLI

137,9 fm einbýlishús á 2 hæðum við Hafnargötu, byggt árið 1906, ásamt 19,5 fm hjalli. Efri hæð: Forstofa, gestasnyrtning, skáli, stofa og borðstofa. Eldhús og búr. Neðri hæð: baðherb. sem verið er að standsetja, 3 svefnherb., og þvottaherb.. Útigeymsla. Töluvert endurnýjað, endurbótum ekki lokið. Mikíð útsýni. **V. 10,8 millj.**



**Hof fasteignasala**  
Síðumúla 24  
Sími: 564 6464  
Fax: 564 6466



Guðmundur Björn Steinþórsson  
löggiltur fasteignasali



Jón Guðmundsson  
sölustjóri



Geir Þorsteinsson  
sölumaður


## EIGNIR VIKUNNAR

### Sóleyjarimi - Nýtt - Grafavogi



Glæsilegt 208 fm raðhús á tveimur hæðum á þessum frábæra stað. Lýsing. Á neðri hæð er bílskúr, forstofa, salerni, eldhús, stofa og borðstofa. Á efri hæð hol, baðherbergi, þvottaherbogi og 4 herbergri. Húsin skilast fullbúnar að utan með steinuðum útveggjum og að innan tilbúnar til spörlunar án milliveggja. Lóð verður frágengin þ.e. bílastæði hellulagðar með hitalögnum en að öðruleiti tyrfð. Teikningar og nánari upplýsingar á skrifstofu.

### FLÉTTUVELLIR - HAFNARFIRÐI



Glæsilegt 226 fm einnar hæðar einbýlishús með innbyggðum 37 fm bílskúr. Eignin afhendist rúmlega fókheld að innan en fullbún að utan án lóðarfrágangs. Skv. teikningu skiptist eignin í forstofu, hol, þvottahús, eldhús, stofu, sjónvarpsherb, fjögur svefnherbergi, gestasnyrtningu og gott baðherbergi. Húsið er uppstept og getur kaupandi strax farið að vinna í því. Verð 36 millj.

### AKURVELLIR - NÝTT - HF.



Glæsilegar nýjar 155 fm íbúðir í litlu fjölbýlishúsi á þremur hæðum. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna og með glæsilegum innréttingum og gæða tækjum. Stórar og góðar svalir með íbúðum á 2 og 3. hæð og sér lóð með íbúðá jarðhæð. Teikningar og allar nánari upplýsingar á skrifstofu. Verð frá 29,4 millj.

### Valsheiði - Glæsihús - Hveragerði



Glæsilegt einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Sjónvarpsherbergi og fjögur svefnherbergi eitt með fataherbergi og baðherbergi inn af. Björt stofa og borðstofa með mikilli lofthæð. Húsið er til afhendingar í vor tilbúið undir treverk að innan og fullbúið að utan með grófjafnaðri lóð. Verð 37 millj.

### UNUFELL - RAÐHÚS - EIN HÆÐ



Vorum að fá í sölu fallegt 125 fm raðhús á einni hæð með 21,6 fm bílskúr. Flísalagt baðherbergi í hólf og gólf og snyrtilegri eldhús. Rúmgóð og björt stofa og borðstofa með útgang á lóð og þrjú góð herbergi. Parket og flísar á gólfum Verð 29,9 millj.

### REIÐVAÐ - NÝ ÍBÚÐ



Vorum að fá í einkasölu 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í LYFTUHÚSI ásamt sérstæði í bílageymslu. Tvö góð svefnherbergi. Eldhús með hvítri Modulia innréttingu með granítötum. Glæsilegt flísalagt baðherbergi og þvottaherbogi innaf því. Öliuborið gegnheilt plankaparket á herbergjum, holi og stofu, flísar á forstofu, baði og þvottaherb. Ekki hefur verið búið í íbúðinni. Verð 24,9 millj.








SKRIFSTOFUGARÐAR

**NETLA**

NETHYL

# Fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki

## Hagstæð leiga og fyrsta flokks aðstaða



### Hvar er NETLA?

Á annari hæð í Nethyl 2 eru mjög glæsilegar skrifstofur fyrir einyrkja og fámenn fyrirtæki. Við köllum húsnæðið NETLU-skrifstofugarðar. Þar koma smærri fyrirtæki saman og deila með sér aðstöðu og kostnaði. Starfsmenn hafa lokaðar skrifstofur en hafa félagsskap af hver öðrum eins og hver óskar. Nethylur er í Árbæ og stendur við fjölförnustu gatnamót land-sins. Frá Nethyl liggja leiðir til allra átta á höfuðborgarsvæðinu

### Tvo laus í NETLU

Tvö laus herbergi sem hentar öllum er þurfa á vönduðu skrifstofuplássi af hóflegri stærð s.s. ráðgjöfum, lögmönnum, endurskoðendum, bókurum, hönnuðum, rithöfundum, grafískum hönnuðum, netfyrirtækjum o.sfr. Herbergin eru 25m<sup>2</sup> og 29 m<sup>2</sup> með sameign eða rúmlega 13-17 m<sup>2</sup> herbergin sjálf.

### Fundarherbergi í NETLU


Það er hagkvæmt að deila fundarherbergi með öðrum. Í NETLU er fundarherbergi fyrir 6 manna fundi eða færri. Það er vel búið með skjávarpa og þráðlaust net er í öllu húsnæðinu.

### Verð í NETLU?

Verð: frá kr. 32.500 auk vsk.  
Innifalið: hiti, rafmagn, netaðgangur, þríf á sameign, aðgengi að fundarherbergi með skjávarpa, kaffiaðstaða og setustofa. Það er ALLT að því ALLT innifalið!

### Nánari upplýsingar

Allar frekari upplýsingar veitir Gunnar í síma 578-1500 og 664-6550



# NETLA

skrifstofugarðar



Bjarkarás 1-29 Garðabæ.



Vorum að fá í einkasölu nýjar glæsilegar séríbúðir samtals 30 eignir í sjö 2ja hæða húsum á þessum einstaklega góða stað í Garðabæ. Gert er ráð fyrir að eignirnar verði afhentar fullbúnar án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísal. glæsil baðherb. Mjög skemmtilega teiknuð hús. Íbúðirnar eru frá 96,7 fm uppí 186,6 fm og fylgir stæði í bílskýli 22 af 30 íbúðum. Sérverönd fullfrágengin fylgir íbúðum neðri hæðar og svalir frá 7,5 -57 fm fylgja íbúðum efri hæðar. Glæsilegt útsýni er úr mörgum íbúðanna. Lóð afhendist fullfrágengin með öllum gróðri en án leiktækja. Byggingaraðili er Tré-mót ehf. Litið á [www.nybyggingar.is](http://www.nybyggingar.is) og sjáið glæsilegan vef um eignina með öllum upplýsingum. 4271

Nýtt glæsil. lyftuhús í Selvaði m. bílskýli.



Mjög gott verð - 13 íbúðir seldar. Nýtt glæsil. lyftuhús m. 28 íbúðum frá 2ja - 5 herb. að stærð. Húsið afh. fullb. að utan og lóð og bílast. afhendast fullfrág. Íb. sem eru fráð. velskipul. afhend. fullb. með vönd. innréttingum frá Brúnas en án gólfefna og án flísal. á baðherb.. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íb. V. 3ja herb. frá 21,1 m.. V. 4ra herb. frá 22.m. V. 5 herb. frá 25,9 m. 4100



Bræðraborgarst.

Allt að **70%** afsláttur

Úrval ljósa á frábæru verði!



14.980-

Verð áður: 19.970-



1.990-

Verð áður: 2.990-



4.990-

Verð áður: 6.960-



990-

Verð áður: 1.990-



1.990-

Verð áður: 2.890-



1.990-

Verð áður: 4.860-



2.990-

Verð áður: 3.890-



11.740-

Verð áður: 18.850-



1.875-

Verð áður: 3.870-



Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið lau.: 11:00 - 16:00



# Kýótó-sáttmálinn er lek vatnsfata

UMRÆÐAN  
LOFTSLAGS-  
HLÝNUN



GUÐMUNDUR HÖRÐUR GUÐMUNDSSON

Það hefur verið sagt að loftslagið sé eins og sofandi dreki sem mannkynið potar í með priki. Einn daginn vaknar hann og þá er víst betra að vera hvergi nærri.

Hugsum okkur að þessi frétt birtist á forsíðu dagblaðanna á morgun: „Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út vegna bruna í stjórnarráðshúsinu um miðjan dag í gær. Allt tiltækt slökkvilið var sent á staðinn með leka vatnsfötu. Erfiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins og er stjórnarráðshúsið nú brunnið til grunna.“

Daginn eftir yrði slökkviliðs-stjórinn líklega rekinn og tækjabúnaður slökkviliðsins endurnýjaður. En hvernig stendur þá á því að stjórnmalamenn komast upp með að nota jafngildi lekrar vatnsfötu við að ráða niðurlögum loftslagshlýnunar af manna völdum? Almennigur krefst þess ekki að tækjabúnaðurinn verði endurnýjaður og enginn neyðist til að segja af sér.

Allt tiltækt slökkvilið 189 ríkja, þar á meðal Íslands, var

sent til Montreal undir lok liðins árs þar sem rædd var framtíð Kýótó-sáttmálans, en honum er ætlað að draga úr losun þjóða heims á gróðurhúsalofttegundum sem valda hlýnun loftslagsins. Árangur slökkvistarfsins var enginn. Á hverju ári bætast við niðurstöður rannsókna sem sýna fram á að vandamálið getur haft hörmulegar afleiðingar fyrir heimsbyggðina. Vísindamenn segja að draga þurfi úr losun iðnríkjanna á gróðurhúsalofttegundum um 70 prósent fyrir árið 2050 ef koma eigi í veg fyrir gríðarlegar náttúruhamfarir og hungursneyð. Stjórnmalamenn hafa komið sér saman um að draga úr losuninni um 5,2 prósent. Að auki geta ríkin komið sér undan því að standa við skuldbindingar sínar með allskýns undanleiðum. Árangurinn verður því kannski um 1 til 2 prósent. Í Montreal var engin ákvörðun tekin um að endurnýja tækjabúnaðinn en það varð sátt um að halda áfram að ræða það án nokkurra skuldbindinga.

Hins vegar eru sum ríki sem ganga á undan með góðu forðæmi. Nokkur Evrópuríki hafa ákveðið að draga meira úr losun gróðurhúsalofttegunda en kveður á um í Kýótó-sáttmálanum, t.d. Bretar um 60 prósent á fimmtíu árum, Hollendingar um 80 prósent á fjörutíu árum og Þjóðverjar um helming á fimmtíu árum. Á meðan stefna Íslendingar í þveröfuga átt. Samkvæmt Kýótó-sáttmálanum eru Íslendingar í algjörum sérflokki og fá að auka

losun gróðurhúsalofttegunda um 10 prósent. Ef við höldum áfram að byggja álver eða aðra stóriðju neyðumst við til að fara með betlistaf á komandi samningafundi til að fá frekari undanþágur þegar þessu samningstímabili lýkur og það næsta tekur við árið 2013. Með því væru stjórnvöld að ganga þvert á vilja 80 prósent þjóðarinnar sem telur að stjórnvöld geri of lítið til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Það hefur verið sagt að loftslagið sé eins og sofandi dreki sem mannkynið potar í með priki. Einn daginn vaknar hann og þá er víst betra að vera hvergi nærri. Vonandi eiga Íslendingar framsýna leiðtoga sem geta orðið öðrum fyrirmynd með því að leggja frá sér betlistafinn og prikið áður en það verður um seina.

Höfundur er meistaranemi í umhverfisfræðum við Edinborgarháskóla.

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

## Kjör formanns Neytendasamtakanna

Samkvæmt lögum Neytendasamtakanna skal kjör formanns fara fram það ár sem reglulegt þing Neytendasamtakanna er haldið. Í 12. grein laga Neytendasamtakanna segir svo um kjör formanns: “Framboð til formanns skulu berast stjórn Neytendasamtakanna eigi síðar en fyrir lok febrúar þess árs sem reglulegt þing er haldið. Framboði til formanns skulu fylgja meðmæli 25 skuldlausra félagsmanna hið fæsta en 50 skuldlausra félagsmanna hið flesta.”

Í samræmi við þetta auglýsir stjórn Neytendasamtakanna eftir framboðum til formanns Neytendasamtakanna vegna næsta kjörtímabils (2006-2008) og sem hefst frá og með þingi Neytendasamtakanna í haust. Framboðum ásamt lista yfir meðmælendur skal skilað á skrifstofu Neytendasamtakanna í Reykjavík eða á Akureyri, eigi síðar en kl. 16:00 þann 28. febrúar 2006. Einnig er hægt að senda framboð ásamt lista yfir meðmælendur í pósti og má dagsetning póststimpils ekki fara fram yfir 28. febrúar 2006.

Reykjavík 30. janúar 2005

F.h. stjórnar Neytendasamtakanna  
Jóhannes Gunnarsson formaður


## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000



# Heimaöryggi

# Áskrift að öryggi

Hafðu samband við Öryggismiðstöðina og fáðu fría öryggisúttekt fyrir þitt heimili. Veittu sjálfum þér hugarró með Heimaöryggi Öryggismiðstöðvarinnar.

Heimaöryggið innifelur eftirfarandi:



- Innbrotaviðvörðun.
- Næsturgæslu.
- Brunaviðvörðun.
- Þráðlausa skynjara.
- Útkallsþjónustu öryggisvarða.
- Uppsetningu.
- Fjarstýringu.

**Hringdu núna!**  
Við erum á vakt allan sólahringinn  
**530 2400**



ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

BORGARTÚNI 31 • SÍMI 530 2400 • WWW.ORYGGI.IS



MAHATMA GHANDI (1869-1948)  
LÉST PENNAN DAG.

„Auga fyrir auga, gerir  
okkur öll blind.“

Mahatma Gandhi var indverskur stjórna-  
mála- og trúarleifðtogi.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 30. JANÚAR 1969

Bítlarnir koma fram í síðasta sinn

Á þessum degi árið 1969 komu Bítlarnir opinberlega fram í síðasta sinn. Þá settu þeir á svið óundirbúna tónleika á þaki upptökustúdíós í London. Mikill fjöldi fólks safnaðist saman fyrir neðan húsið en nágrannar kvörtuðu undan hávaða og lögreglan mætti á svæðið til að stöðva tónleikana. John Lennon lauk sýningunni með tilkynningu. „Ég vil fyrir hönd hljómsveitarinnar þakka ykkur fyrir, og ég vona að við höfum staðist áheyrnarprófið.“ Í apríl árið 1970 tilkynnti Paul McCartney formlega að Bítlarnir væru hættir.

Eftir að Bítlarnir liðu undir lok fór hver hljómsveit-armeðlimur sína leið og hélt áfram með eigin tónlist-arferil. Oft var óskað eftir því að þeir tækju saman á ný en bundinn var endir á þá hugmynd þegar geðveikur aðdáandi myrti John Lennon árið 1980. Átta árum eftir dauða hans voru Bítlarnir teknir inn í frægðarhöll rokk og róls. Árið 1995 var gefin út plata með áður



BÍTLARNIR

óútgefnum lögum Bítlana, þar á meðal laginu Free as a Bird, sem Lennon samdi og eftirlifandi hljómsveit-armeðlimir tóku upp árin 1994 og 1995. Diskurinn seldist eins og heitar lummur þegar hann kom út.

MERKISATBURÐIR

- 1649 Karl I Englandskonungur er hálshöggvinn.
- 1933 Adolf Hitler verður kanslari Þýskalands.
- 1948 Mahatma Gandhi er myrtur.
- 1965 Winston Churchill er borinn til grafar.
- 1971 Frost mælist -19,7 gráður í Reykjavík, sem er hið mesta síðan 1918.
- 1972 Blóðugi sunnudagurinn á Írlandi.
- 1988 Listasafn Íslands er opnað í nýjum húsakynnum við Frikirkjuveg.
- 1991 Margir Reykvikingar vakna við jarðskjálfta sem mælist tæp fimm stig á Richter.

UNIFEM, ÞRÓUNARSJÓÐUR SP FYRIR KONUR: ER 30 ÁRA

UNIFEM berst liðsauki

Þrítugasta afmælisári UNIFEM, þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, var hleypt af stokkunum í síðustu viku þegar leikkonan og óskarsverðlaunahafinn Nicole Kidman var tilnefnd velgjörðarsendiherra sjóðsins.

UNIFEM var stofnað árið 1976 í kjölfar heimsráðstefnu SP um málefni kvenna. Í upphafi átti sjóðurinn einungis að starfa í tíu ár en vegna frábærs árangurs var starfinu haldið áfram. Aðalmarkmið UNIFEM er að efla efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna, efla þátttöku þeirra í stjórnun og stuðla að því að mannréttindi kvenna séu virt og að ofbeldi gegn þeim ekki liðið.

Á Íslandi er ein af sextán landsnefndum UNIFEM. Nefndin var stofnuð 18. desember 1989 og styður og styrkir starfsemi SP í baráttunni fyrir jafnrétti



UNIFEM Á ÍSLANDI Birna Þórarinsdóttir er framkvæmdastjóri UNIFEM á Íslandi. Samtökin hér á landi munu gera sitt til að kynna starf UNIFEM á afmælisárinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VELGJÖRÐARSENDIHERRA Þrítugasta afmælisári UNIFEM var hleypt af stokkunum með því að tilnefna leikkonuna og óskarsverðlaunahafann Nicole Kidman velgjörðarsendiherra samtakanna.

AP/REUTERS

og bættri stöðu kvenna víða um heim, einkum á sviði þróunarsamvinnu. Birna Þórarinsdóttir er framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi. Hún segir að afmælisárið verði nýtt til að auka sýnileika og vekja athygli á stöðu kvenna víða um heim og nauðsyn þess að bæta hana og sýna það góða starf sem UNIFEM hefur unnið á síðustu þrjátíu árum.

„Landsnefnd UNIFEM hefur þrífætt hlutverk: Að kynna sjóðinn og auka áhuga almennings á starfsemi UNIFEM víða um heim, að vera málsvari kvenna í þróunarlöndunum og á átaka-svæðum, og í þriðja lagi að

afla fjárframlaga til sjóðsins frá íslenskum stjórnvöldum og einkaaðilum,“ segir Birna og bendir á að landsnefndin sé í góðu samstarfi við íslensk stjórnvöld sem hafi tífaldað stuðning sinn við UNIFEM á síðustu tveimur árum.

„Á þessu ári ætlum við að beina sjónum okkar meira að fjáröflun meðal einkaaðila sem við höfum síður verið að gera hingað til og munum einnig standa fyrir fjáröflunarviðburði í tilefni afmælisins,“ segir Birna og gerir ráð fyrir að UNIFEM á Íslandi verði áberandi á þessu ári enda muni það standa fyrir einhverjum

um uppákomum í sumar og haust.

Birna telur það mikla lyftistöng fyrir sjóðinn að fá Nicole Kidman til liðs við sig. „Þar sem hún er mjög fræg mun nærvera hennar svo sannarlega verða til þess að auka sýnileika UNIFEM víða um heim,“ segir Birna og bendir á að fáir viti í raun um starfsemi sjóðsins enda sé hann einn sá minnsti innan Sameinuðu þjóðanna.

„Ætlunin er að efla sjóðinn, bæði fjárheimildir og stöðu hans innan SP,“ segir Birna. Hún telur víst að afmælisárið verði nýtt til að stuðla að þessum markmiðum. ■

## TILBOÐ

Á LEGSTEINUM,  
FYLGIHLUTUM  
OG UPPSETNINGU

10-50% AFSLÁTTUR

Yfir 40 ára reynsla  
Sendum myndalista

Steinsmiðjan **MOSAIK**  
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

Fróðleikur af gardur.is

Kvennaskólastjóri, fyrst kvenna alþingismaður:

## Ingibjörg H. Bjarnason

Ingibjörg H. Bjarnason var fædd á Þingeyri við Dýrafjörð 14. des. 1867, dóttir Hákonar Bjarnasonar kpm. á Bíldudal og k.h. Jóhönnu Kr. Þorleifsd. Lauk prófi frá Kvennask. 1882; svo 2 ár við nám hjá Þóru Pétursd. bps og frh.nám í Khöfn 1884–5, 1886–93 við nám og störf, m.a. fyrst kvenna t.a. taka próf í leikfiminámi; kynnti sér skólahald í Þýskal. og Sviss 1901–3. Kenndi margar greinar við Kvennask. og Barnask. í Rvík 1893–1901 og Kvennask. 1903–6. Forstöðukona skólans 1906–dd., tók upp þarfar nýjungar. Afburðakennari, ströng, full umhyggju, aðsópsmikil, frið kona og virðuleg. 1. heiðursfél. Nemendasamb. skólans. Tók þátt í starfi Thorvaldsensfél., Lestrarféll. kvenna, H. ísl. kvenfél., frumkvöðull að stofnun Heimilis-iðnaðarféll. Meðal leiðandi kvenna, er þær fengu kosningarétt til Alp. 1915. Hafði forgöngu um söfnun fjár til stofnunar landspítala, form. landspítala-sjóðsnefndar 1915–dd. Áttu ísl. konur heiðurinn af því að hann tók til starfa. Fyrst kvenna kjörin á Alþingi 1922, fulltrúi kvennalista, landskj. alþm. 1922–30; tók sæti í Íhaldsfll., síðar Sjálfstfl. Beitti sér fyrir landspítalamáli, bættir fátækralöggjöf, réttarbótum kvenna o.fl. 2. varafors. E.d. 1925–27. Róttækustu tillögur hennar voru þó felldar. Átti sæti í menntamálaráði 1928–34 m.m. Lézt 30. okt. 1941. Arfleiddi skólinn að flestum eignum sínum. Hún var óg. og bl.

Meira um hana á gardur.is

Hengt er að setja inn myndir: Látinn Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smátursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.



STÆRÐAR STUNGA Bæjarstjórnir mundar skófluna

Grafið fyrir verslunarmiðstöð

Fyrsta skóflustungan að nýrri verslunarmiðstöð á Akranesi var tekin í síðustu viku. Þetta kemur fram á vefsíðu Akraneskaupstaðar, [www.akranes.is](http://www.akranes.is). Fasteigna-fyrirtækið Smáragarður stendur að byggingu miðstöðvarinnar sem mun rísa á

Skagaverstúni. Guðmundur Páll Jónsson bæjarstjóri tók fyrstu stunguna með skóflu af stærstu gerð og tókst að sögn með ágætum. Að öllum líkindum geta íbúar Akraness og víðar farið að spreða krónum í verslunarmiðstöðinni strax í haust. ■

JARÐARFARIR

- 13.00 **Matthea Katrín Pétursdóttir**, Álfaborgum 9, verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju.
- 13.30 **Kristinn Pálsson** fyrrum verslunarstjóri, áður til heimilis að Löngumýri 14, Akureyri, verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju.

FÆDDUST PENNAN DAG.

- 1882 Franklin Delano Roosevelt forseti Bandaríkjanna
- 1894 Boris III keisari Búlagaríu
- 1915 Ármann Kr. Einarsson rithöfundur

AFMÆLI

- Gene Hackman** leikari er 75 ára
- Dick Cheney** varaforseti Bandaríkjanna er 65 ára
- Þorbjörn Broddason** fjölmiðlafræðingur er 63 ára
- Ingvi Þór Kormáks-son** tónlistarmaður og bókasafnsfræðingur er 54 ára
- Kolbrún Jarlsdóttir** kvikmyndagerðarmaður er 51 árs





# Aðeins hágæða efni frá Múrbúðinni

Pegar valið var flísalím í hina nýju glæsilegu Laugardalslaug varð fyrir valinu  
Dekaflex flísalím frá Múrbúðinni

Við bjóðum heildarkerfi í flísalögn sem stenst allar  
væntingar hins kröfuharða íslenska markaðar



Ardaflex Top



Ardaflex leicht



Ardaflex schnell



Ardaflex Marmor



Deka Flex flísalím  
Verðdæmi: 25 kg kr. 1.590,-



Deka flísalím



Flexdicht rakamembra



Flexborði 120 mm x 10 m



Unipox Epoxy fúga



Serpo fúga frá Maxit



Ardal Maxi fúga



## MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



DWC

Dansstúdíó World Class

Jazzfunk | Streetstyle | Hip Hop | Freestyle | Modernfunk | Barnadansar

Sérstakt dansfjör fyrir 20 ára og eldri

Nánari upplýsingar í síma

553 0000

Sjá stundaskrá á  
www.worldclass.is

Dansstúdíó

WorldClass

ICELAND

DWC

Dansstúdíó World Class

Jazzfunk | Streetstyle | Hip Hop | Freestyle | Modernfunk | Barnadansar

Sérstakt dansfjör fyrir 20 ára og eldri

Nánari upplýsingar í síma

553 0000

Sjá stundaskrá á  
www.worldclass.is

Dansstúdíó

WorldClass

ICELAND

JOHNSON & LE MACOS



SIRKUS RVK

FÖSTUDÖGUM KL. 20:30

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 | 5 |
| 5 | 4 | 6 | 8 | 3 | 1 | 2 | 7 | 9 |
| 1 | 8 | 9 | 7 | 5 | 2 | 6 | 3 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 9 | 7 | 5 | 8 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 | 6 |
| 9 | 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 1 | 6 | 7 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 6 | 7 |
| 6 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 |

|   |   |   |   |   |   |  |   |   |
|---|---|---|---|---|---|--|---|---|
|   | 9 |   | 1 | 6 | 8 |  | 3 |   |
| 2 |   |   | 7 |   | 4 |  |   | 1 |
| 1 |   |   |   |   |   |  |   | 9 |
|   | 5 |   |   |   |   |  | 1 |   |
| 8 |   | 1 |   |   | 7 |  |   | 5 |
|   | 3 |   |   |   |   |  | 2 |   |
| 3 |   |   |   |   |   |  |   | 4 |
| 5 |   |   | 8 |   | 3 |  |   | 7 |
|   | 8 |   | 6 | 1 | 7 |  | 9 |   |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ

STUÐ MILLI STRÍÐA

stofnið ykkar eigið land

FREYR GÍGJA GUNNARSSON

HVETUR ANTISPORTISTA TIL AÐGERÐA



Á fimmtudaginn hófst Evrópumótið í handknattleik. Ekki stærsta mót í heimi enda kemst íþróttin ekki í hálfkvisti við aðrar vinsælar greinar á borð við knattspyrnu, körfubolta eða golf. Það hafði tekist að selja áttatíu þúsund miða á mótinu öllu. Á heimavöll knattspyrnuliðsins Barcelona mæta um hundrað þúsund brjálaðir kat-alónar á hvern einasta heimaleik. Engu að síður á handknattleikur sér sérstakan stað í hugum og hjörtum Íslendinga. Þetta er jú eina hóp-íþróttin sem við getum eitthvað í. Á parketinu erum við jafnokar stærstu þjóða heims.

Hann er hins vegar merkilegur hópurinn í þjóðfélaginu – ákaflega lítill en hávær hópur – sem rekur alltaf nefið upp í loftið og lætur kappleiki fara í taugarnar á sér. Hann telur að íþróttir séu fyrir hálfvita og skilur ekkert í því þegar náunginn við hliðina á þeim stekk-ur upp úr sófanum og öskrar á sjón-varpið þegar íslenska landsliðið tryggir sér sigur. Þessi hópur hefur verið skilgreindur sem antisport-istar af þjóðfélagsrýnum landsins og er náskyldur „fúlum á móti“ hópnum sem er efni í annað stuð.

Látum það vera ef fólki finnst íþróttir ekki skemmtilegar, það getur þá nýtt sinn tíma í eitthvað annað. Farið í leikhús eða bíó. Horft á Dallas í lengdri DVD-útgáfu. En

að leyfa sér það að agnúast út í þá sem vilja hvetja sína þjóð er fyrir neðan allar hellur.

Antisportistar ættu að hafa það í huga að íþróttir eru mikilvægur hluti af menningu hverrar þjóð-ar. Þessi hópur yrði gerður brott-rækur frá flestum löndum Suður-Ameríku þar sem knattspyrna eru trúbrögð. Í Kanada myndu þeir sem ekki ættu sér eftirlætislið í hokki ranka við sér í Alaska og í Bandaríkjunum eru menn sendir úr landi ef þeir vita ekki hverjir eru að spila í Super-Bowl. Anti-sportistum hefði verið hent fyrir ljónin á tímum Rómverja og verið sendir til eyjarinnar Lesbos þegar menningarveldi Grikkja var í sem mestum blóma. ■

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli

Eigum við að fara á skiði um páskana?

Skiði um páskana...

Já það er sennilega síðasta tækifærið til að upplífa veturinn, ískaldann og ógeðslegan, stirður og þreyttur í brekkunni.

Síðasta tækifærið til að brjóta hvert bein í líkamanum þegar maður klessir á einhvern óharnaðan ungling á snjóbretti...

Ekki?

Jú, ef þú svæfir mig, bindur mig niður og ferð með mig þangað. Þá hlýt ég að koma!

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Ég verð að tala við Söru og það strax. Hún fer ekki með honum á ballið, hún fer með mér!

Hvað?

Já, hann er kannski eldri...

...og er með bílpróf og bíl...

...en Sara er kærastan MÍN og ég sleppi henni ekki án baráttu!

Ef þú veist að andstæðingurinn er stærri en þú, þá er besta ráðið að gefast upp!

Er þetta eitthvað sem þú hefur lært af honum afa þínum?

Pú og pa

Eftir SÖB

Pú og Pa og Stamp komu sér saman um að trúlega væri hin heilaga bók bréf-englanna eins konar fylgirit með Biblíunni!

Kannski hefur Guð skapað gillt rétt á undan bréfinu og bréf-englunum, en hann skapaði okkur strax á eftir!

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

DRAUMAR MJÁSA

Í AFRÍKU

PURRRRR...

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Okey, Hannes sendir boltan á mig, síðan dekkar hann mömmu meðan Solla hleypur fram kanntinn.

Jáhá!

Heyrðu.. hvað..?

Leikhlé.. hvað er í gangi?

Við þurfum miðjumann með lengri fætur.

Og mótherja sem hlær ekki svona mikið.



# FRÁBÆR TILBOÐ

## SÚPERTURN 6

### 64 BITA 3400+

Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bitu tækni, Hyper Transport og 1600FSB



### 256MB GEFORCE 7

MSI GeForce7 NX7300GS skjákort með 256MB, 810MHz minni PCI-Express 16x og TV-út



### HLJÓÐLÁT VINNSLA

Vandaður og hljóðlátur Dragon turnkassi með hurð, USB2 og FireWire tengjum að framan



### Örgjörvi

#### Minni

#### Harðdiskur

#### Skjákort

#### Hljóðkort

#### Annað

3400+ Athlon64 - 1MB  
1600FSB og Hyper Transport  
1GB DUAL DDR400 Corsair  
400MHz minni með lífstíðarábyggð  
250GB WD SE 8MB - SATA II  
SATA2 300, 7200RPM og 8MB buffer  
256MB GeForce7 NX7300GS  
MSI PCI-E 16X, 810MHz DDR2  
Dolby Digital 5.1 - EAX2  
6 rása Dolby Digital hljóðkerfi  
10xUSB2 tengi, Gigabit netkort  
4x SATA Raid, 4x ATA133, ofl.

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harði diskurinn er forsníðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: Geisladrif, diskettudrif og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsgöðu gamla skjáinn, lyklaborðið og músina.



**VL12**

Samtals kr. 72.347

**5.825**

**VERÐ 69.900**

### SÚPERTURN 3

- 3000+ AMD Sempron 64Bit HT
- 512MB DDR 400MHz minni
- 160GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB ATI Radeon X300 skjákort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, USB2 og FireWire
- Medium Tower með 300W aflgjafa

**VL6**

Samtals kr. 41.802

**6.650**

**VERÐ 39.900**

### SÚPERTILBOÐ 2

**2600 +**

- 2600+ AMD Sempron 64Bit HT
- Hljóðlát örgjörva kælivifta
- MSI K8NGM-V móðurborð
- 256MB DDR Corsair minni
- 128MB GeForce 6100 PCI-E 16X
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, 6x USB2 ofl.

**VERÐ 19.900**

### SÚPERTURN 2



2600+ AMD Sempron 64-BIT örgjörvi, 256MB DDR400 minni, 80GB WD SE harðdiskur, SIS 64MB skjákort, 5.1 hljóðkort, 10/100 netkort og Medium Turn

**VERÐ 29.900**

### SÚPERTURN 4



**VL6**

Samtals kr. 51.647

**8.317**

3000+ AMD Athlon64 örgjörvi, 512MB DDR400 minni, 200GB WD SE harðdiskur, 128MB Nvidia GeForce6 6100 skjákort, 10/100 netkort og 300W Dragon Turn

**VERÐ 49.900**

### SÚPERTILBOÐ 4



- 3000+ AMD Athlon64, 1600FSB + HT
- MSI K8NGM-V - nForce410 kubbasett
- 512MB DDR400 hágæða Corsair minni
- 128MB GeForce6 6100 PCI-E 16X
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi, AC97 v2.2

**VERÐ 27.900**

### SÚPERTILBOÐ 8



- Dual Core 3800+ X2 AMD Athlon64
- MSI K8N SLI Platinum - nForce4
- 1GB Dual DDR Corsair XMS minni
- Dolby Digital 7.1 hljóðkerfi, SB LIVE
- Tekur 2 skjákort, hlaðið tengjum

**VERÐ 59.900**

Þitt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndbreytingar!

(STX1) 1.8GHz AMD K7 Duron súperturn  
**VERÐ 24.900**

(STA) 1.8GHz AMD K7 Duron og MSI móðurborð  
**VERÐ 9.990**

(ST1) 2600+ Sempron 64-BIT og MSI móðurborð  
**VERÐ 14.900**

Trend vírusvörn með uppfærslu eða nýrri vél  
**VERÐ 2.990**

A tilboði með tölvu Office 2003 fyrir 3 vélar  
**VERÐ 9.990**

PC Clean háþrýstiloft í brúsa, til rykhreinsunar  
**VERÐ 990**

Viðgerðasett með flest öllu sem þarf til tölvuviðgerða  
**VERÐ 1.690**

Anti-Static armband með frönskum rennilás  
**VERÐ 790**

# TÖLVULISTINN

**REYKJAVÍK**  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400





### Kl. 17.15

**Magnús H. Jóhannsson**, líffræðingur hjá Landgræðslu ríkisins, flytur fræðsluerindi um jarðvegseyðingu á Grænlandi og landgræðslurannsóknir. Erindið er haldið í stofu 132 í Óskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, á vegum Hins íslenska náttúrufræðafélags.

# menning

menning@frettabladid.is

## Sammi stjórnar Stórsveit

Á miðvikudagskvöldið verða tónleikar á Nasa við Austurvöll þar sem Samúel Jón Samúelsson, Sammi í Jagúar, stjórnar Stórsveit Reykjavíkur. Á tónleikunum verður frumflutt tónlist sem Samúel hefur samið sérstaklega fyrir Stórsveitina og útsett.

Samúel hlaut á síðasta ári starfslaun úr Tónskáldasjóði Menntamálaráðuneytisins til að vinna að efnisskrá nýrrar tónlistar fyrir Stórsveit Reykjavíkur, en þetta er í fyrsta skipti sem Samúel stjórnar Stórsveit Reykjavíkur eingöngu með eigið efni.

Samúel hefur áður stjórnað Stórsveit Reykjavíkur við ýmis tækifæri, meðal annars í Idol-stjörnuleit og á árlegum jólatónleikum sveitarinnar. Þess má geta að Stórsveit Reykjavíkur hlaut nýlega íslensku tónlistarverðlaunin sem djassflytjandi ársins.

Samúel hefur verið meðlimur í hljómsveitinni Jagúar frá 1998, bæði sem söngvari og básúnuleikari, og jafnframt er hann einn helsti útsetjari og lagasmiður hljómsveitarinnar.

Hann hefur einnig starfað með fjölmörgum



öðrum hljómsveitum og verið afkastamikill útsetjari í margvislegri tónlist. Fyrsta sólóplatan hans, Legoland, hafði að geyma frumsamda tónlist sem hann útsetti fyrir sautján manna hljómsveit. Sú hljómsveit kom fram á Jazzhátíð Reykjavíkur árið 2000 undir stjórn Samúels.

### > Ekki missa af ...

... tónleikum í Salnum í Kópavogi annað kvöld þar sem þau **Sólrún Bragadóttir** sópran, **Thomas Lander** bariton og **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanóleikari flytja lög og ariur sem sænska sópransöngkonan **Jenny Lind** flutti gjarnan. Tónleikarnir eru helgaðir Jenny Lind og danska ævintýraskáldinu **H.C.Andersen**, sem var heillaður af henni.

... djasstriótónleikum í Þjóðleikhúskjallaranum á miðvikudagskvöldið þar sem þau **Helga Laufey Finnbogadóttir** píanóleikari, **Guðjón Steinar Þorláksson** bassaleikari og **Birgir Baldursson** trommuleikari flytja meðal annars lög eftir John Coltrane, Luiz Bonfía, Michel Legrand, Jón Múla og Megas.

## Fjórir gegn straumnum

**Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir** og **Julien Riem** ætla að flytja tónlist eftir fjögur tónskáld, sem öll átta sér merkilega sögu. Líklega hefur ekkert verkanna verið flutt áður hér á landi.

„Fyrir okkur er þetta ekki eins og að setjast niður til að spila Brahms, sem allir þekkja og spurningin er bara hvort flutningurinn tekst vel eða illa. Þetta er tónlist sem við viljum virkilega koma á framfæri vegna þess að hún er svo stórkostleg,“ segir Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir sellóleikari.

Hún ætlar ásamt Julien Riem píanóleikara að flytja sellóverk eftir Leo Ornstein, Joachim Stutschewsky, Paul Ben-Haim og Felix Mendelssohn á tónleikum í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar.

Tónskáldin fjögur eru öll Gyóingar sem þurftu á einn eða annan hátt að líða fyrir þann bakgrunn sinn. Mendelssohn var uppi á fyrri hluta nítjándu aldar, en hinir þrír voru allir fæddir á síðasta áratug nítjándu aldar. Stutschewsky og Ben-Haim lifðu fram á níunda áratug síðustu aldar en Leo Ornstein



**JULIAN RIEM PÍANÓLEIKARI OG GUNNHILDUR HALLA GUÐMUNDSDÓTTIR SELLÓLEIKARI** Þau leggja hug og hjarta í flutning á tónlist fjögurra gyðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

var hundrað og tíu ára gamall þegar hann lést árið 2002.

„Það er svo mikil saga á bak við þessa tónlist. Ornstein, til dæmis, var á undan sinni samtíð og var gífurlega frægur á milli 1911 og 1930, var álitinn standa jafnfætis Schönberg og Stravinsky. Hann

skrifaði til dæmis píanóverk árið 1913 sem heitir Suicide on an Airplane. En hann átti það til að skrifa ljóðræn og hefðbundin verk og þá sagði fólk að broddurinn væri farinn úr honum.“

Tónleikarnir í Hafnarborg hefjast klukkan 20 í kvöld. ■

**Nína og Geiri**  
söngpösk  
Björgvins Halldórssonar  
Leikstjóri: Gunnar Helgason  
28. jan. Uppsett  
4. feb. Nokkur brenn laus  
18. feb. Laus brenn  
25. feb.  
4. mars  
17. mars  
25. mars  
Aðeins þessar sýningar  
Gjafakort á Nínu og Geiri  
fæst í miðasöðunni  
BROADWAY 5331100 Netfang: midasala@broadway.is  
Ókeypis miðar seldir hálfumánuði fyrir viðbúð.

**ÖSKUBUSKA**  
ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI  
Frumfyrirgöngun. 5. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS  
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 - 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20  
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 - 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20  
19.15 - KYNNING FYRIR SÝNINGU (allar nema frumsýningu)  
Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess í íslensku óperunni.  
Kynningin hefst kl. 19.15 og er innifalín í miðaverði.  
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200  
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn. ÍSLENSKA ÓPERAN

**THULE TYGGPATAL**  
LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS  
Sýnt á NASA við Austurvöll  
Fimmtudagur 2. febrúar - Örfá sæti  
Föstudagur 3. febrúar - Laus sæti  
Laugardagur 4. febrúar - Laus sæti  
Fimmtudagur 9. febrúar - Laus sæti  
Húsið opnar kl. 20:00 - Sýningar hefjast kl. 20:30  
Miðasala í verslunum Skifunnar, www.midi.is og í síma: 575 1550

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
Stóra svið Nýja svið/Litla svið  
**SALKA VALKA** **MANNTAFL**  
Fi 2/2 kl. 20 AUKAS. Fi 16/2 kl. 20 AUKAS. Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING  
**WOYZECK** **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**  
AUKASÝNINGAR Fi 16/2 kl. 20 UPPS. Fö 17/2 kl. 20 UPPS.  
Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20 Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Su 26/2 kl. 20  
Fö 17/2 kl. 20 Lau 18/2 kl. 20  
**KALLI Á ÞAKINU** **BELGÍSKA KONGÓ**  
Lau 4/2 kl. 14 UPPS. Su 5/2 kl. 14 UPPS. Mi 1/2 kl. 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20 UPPS.  
AUKASÝNING Su 5/2 kl. 17. Fi 9/2 kl. 20 UPPS.  
**CARMEN** **GLÆPUR GEGN DISKÓINU**  
Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20 Fi 2/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20  
Fö 10/2 kl. 20 Su 19/2 kl. 20 Mi 1/3 kl. 20  
Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Fö 3/3 kl. 20  
**RONJA RÆNINGJADÓTTIR** **NAGLINN**  
Lau 11/2 kl. 14 FÖRSÝNING UPPSELT Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20  
Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20  
Lau 18/2 kl. 14 Su 19/2 kl. 14  
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

**Lé Sing**  
Syngjandi þjórnar  
Ein vinsælasta leiksýning landsins.  
Alla laugardaga  
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg  
BROADWAY  
Sími: 533-1100

**HIMNARÍKI**  
Gæðaköfn gamanleikur  
eftir Anna Isen  
3. feb.  
4. feb.  
10. feb.  
11. feb.  
eftir Jón Atla Jónasson  
2. feb.  
5. feb.  
Námsmenn og  
Vörðufélagar fá miðann á  
Mind Camp á 1000 kr.  
í boði Landsbankans  
EF  
eftir Valgeir Skagfjörð/  
Einar Mú Guðmundsson  
Vestmanneyjar:  
21. feb. kl. 9 uppselt  
kl. 11 uppselt  
kl. 13 uppselt  
HAFNARFJARÐAR  
LEIKHÚSIÐ  
Miðapantanir í síma 555 2222 og á mid.is

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ - leikhúsið þitt!**  
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00  
TÚSKILDINGSÓPERAN  
Fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 örfá sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2. lau. 25/2. **Síðustu sýningar.**  
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**  
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR  
Sun. 5/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 12/2 kl. 14:00, sun. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00.  
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00  
ELDHÚS EFTIR MÁLI  
Þri. 31/1 **uppselt**, mið. 1/2 **uppselt**, fim. 2/2 **uppselt**, fös. 3/2 **uppselt**, lau. 4/2 kl. **16:00 uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 5/2 **uppselt**, þri. 7/2 **uppselt**, mið. 8/2 **uppselt**, fim. 9/2 **uppselt**, fös. 10/2 **uppselt**, lau. 11/2 **uppselt**, sun. 12/2 **uppselt**.  
**Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil.**  
Þri. 14/2 **uppselt**, mið. 15/2 **uppselt**, fös. 17/2 **uppselt**, lau. 18/2 örfá sæti laus, sun. 19/2 nokkur sæti laus, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 örfá sæti laus, lau. 25/2 **uppselt**, sun. 26/2 nokkur sæti laus.  
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU  
**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**  
Sun. 5/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt**. **Vegna mikillar aðsóknar hefur verið bætt við tveimur fyrirlestrum.** Sun 19/2 kl. 18:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 18:00 nokkur sæti laus. **Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is**  
LEIKHÚSKJALLARINN  
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**  
Leikhúseisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00.  
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.  
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**FRÉTTABLAÐIÐ** **AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**





# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

**VIÐ ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM FYRIR SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS SEM VERÐA VEITT Í FYRSTA SKIPTI 23. FEBRÚAR.**

**Verðlaunin eru til heiðurs þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.**

Lesendur eru beðnir að senda inn tilnefningar um fólk sem þeir telja falla í þann flokk. Allir koma til greina, allt frá óþekktum einstaklingum til félagssamtaka eða þjóðþekktra manna og kvenna sem hafa með athöfnum sínum og framgöngu verið öðrum til fyrirmyndar.

**Verðlaun eru veitt í sex flokkum:**

**1) Hvunndagshetjan**

Einstaklingur sem sýndi einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem það var við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2) Ung hetja**

Barn eða unglingur yngri en 16 ára sem vann sérstakt afrek við krefjandi aðstæður, hvort sem það var öðrum eða því sjálfu til hagsbóta, til dæmis að berjast aftur til heilsu eftir alvarlegt slys eða veikindi.

**3) Uppfræðari ársins**

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað fram úr og látið gott af sér leiða.

**4) Framlag í æskulýðsmálum**

Félagssamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**5) Til atlögu gegn fordómum**

Einstaklingur eða félagssamtök sem hafa unnið ötullega að því að brjóta á bak aftur fordóma í samfélaginu.

**6) Samfélagsverðlaunin**

Félagssamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Hægt er að tilnefna á [visir.is/samfelagsverdlaun](https://visir.is/samfelagsverdlaun). Sérstök dómnefnd mun taka allar tillögur til skoðunar. Sigurvegarar ársins verða kynntir við hátíðlega athöfn 23. febrúar.





|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p><b>Nýtt í bíó</b></p> <p><b>Jim Carrey</b></p> <p><b>FUN WITH DICK &amp; JANE</b></p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | <p><b>FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!</b></p> <p>Mögnuð hrollvekja sem fær hárin til að rísa!</p> <p><b>THE FOG</b></p> <p>begar þókan skellur á...<br/>er enginn óhultur!</p>                                                                                                                                  | <p><b>★★★★★</b><br/>- Kvikmyndir.com</p> <p><b>MEMOIRS OF A GEISHA</b></p>                                                                                                            | <p>Vinsælasta myndin á Íslandi í dag</p> <p>„Mannþæðandi gullmoli“ - S.V. MBL</p> <p>★★★★★<br/>- L.I.B. Topp5.com<br/>★★★★★<br/>- L.I.B. Topp5.com<br/>★★★★★<br/>- S.K.DV.<br/>★★★★★<br/>- S.V. MBL<br/>★★★★★<br/>- M.M.J. Kvikmyndir.com</p> <p>HLAUT 4 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN<br/>FYRIR NAÐSTA MINNA BESTI LEIKSTJÓRN OG BESTA MANNDROT</p> <p><b>BROKEBACK MOUNTAIN</b></p> <p>EPÍSKT MEISTARAVERK FRÁ ANG LEE</p> |
| <p>★★★★★<br/>„...miklu og skemmtilegt sjónarspil!“ - HJ MBL</p> <p><b>BROTHERS GRIMM</b></p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              | <p><b>SJÚKUSTU FANTASÍUR ÞÍNAR VERÐA AÐ VERULEIKA!</b><br/><b>Stranglega bönnuð innan 16 ára</b></p> <p>★★★★★<br/>- D.O.J. kvikmyndir.com<br/>★★★★★<br/>- O.O.H.DV<br/>★★★★★<br/>- A.G. BLADID</p> <p><b>HOSTEL</b></p>                                                                                              | <p>Toronto Sun ★★★★★<br/>D.O.R. DNA - DV ★★★★★<br/>K&amp;F XFM ★★★★★<br/>TVB / Topp5.is ★★★★★</p> <p><b>A LITTLE TRIP TO HEAVEN</b></p> <p>KB BANKI</p>                               | <p>Sprengjaflegt framhald Steve Martin fer enn og aftur á kostum</p> <p>Eins og það sé ekki nóg að ala upp 12 börn Þrúfau að fara með þau öll í friði!<br/>„Cheaper by the Dozen 2 er falleg og skemmtileg fjölskyldumynd, sem heppnast hreint ágætlega“ - MMJ Kvikmyndir.com</p> <p><b>CHEAPER BY THE DOZEN 2</b></p>                                                                                               |
| <p>★★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SYNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★★</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| <p><b>SMÁRA BÍÓ</b></p> <p>SÍMI 564 0000</p> <p><b>FUN WITH DICK AND JANE</b> kl. 3.45, 5.50, 8, 10.10<br/><b>SYND Í LÚXUS</b> kl. 3.45, 5.50, 8, 10.10<br/><b>THE FOG</b> kl. 8, 10.10 <b>B.I. 16 ÁRA</b><br/><b>BROKEBACK MOUNTAIN</b> kl. 5, 8 og 10.45 <b>B.I. 12 ÁRA</b><br/><b>CHEAPER BY TE DOZEN 2</b> kl. 4 og 6<br/><b>HOSTEL</b> kl. 8 og 10.10 <b>B.I. 16 ÁRA</b><br/><b>LITTLE TRIP TO HEAVEN</b> kl. 6 <b>B.I. 14 ÁRA</b><br/><b>DRAUMALANDIÐ</b> kl. 4</p> | <p><b>REGNBÖGINN</b> SÍMI 551 9000</p> <p><b>FUN WITH DICK AND JANE</b> kl. 6, 8 og 10<br/><b>BROKEBACK MOUNTAIN</b> kl. 6 og 9 <b>B.I. 12 ÁRA</b><br/><b>MEMOIRS OF GEISHA</b> kl. 6 og 9<br/><b>BROTHERS GRIMM</b> kl. 5.30 <b>B.I. 12 ÁRA</b><br/><b>LITTLE TRIP TO HEAVEN</b> kl. 8 og 10 <b>B.I. 14 ÁRA</b></p> | <p><b>Þrátturinn</b> SÍMI 462 3500</p> <p><b>FUN WITH DICK AND JANE</b> kl. 6, 8 og 10<br/><b>THE FOG</b> kl. 10.40 <b>B.I. 16 ÁRA</b><br/><b>MEMOIRS OF GEISHA</b> kl. 5.20 og 8</p> |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| <p><b>400 kr. í bíó!</b><br/>Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu</p> <p>DD Dolby    SDS Sony Dynamic Digital Sound    THX</p> <p><b>BIÓS</b> – allt á einum stað</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>LAUGARÁS <b>BÍÓ</b> - bara tölux</p>                                                                                                                                                                                                                                                                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| <p><b>Jim Carrey</b></p>  <p><b>Fun with Dick &amp; Jane</b></p> <p>SYND KL. 6, 8 OG 10</p>                                                                                                                            | <p>FRAN SPANISKUM TILFALLUM "CHICAGO"</p>  <p>★★★★<br/>KRYKKINGUR.COM<br/>★★★★<br/>TOPPS.IS<br/>★★★★<br/>KRYKKINGUR.IS<br/>★★★★<br/>ROLLING STONE</p> <p>MEMOIRS OF A<br/><b>GEISHA</b></p> <p>6 BAFTA TILNEFNINGAR</p> <p>STJARNANTUÐI NAGAL CH ANTER OGI KUCHI<br/>WIKIATU A JENNIE DILLIT MANDI<br/>NETWELDRINGU TITHE ARTISTU A LAGDINGU</p> <p>SYND KL. 5 OG 8</p> |
| <p>FRAN SPANISKUM TILFALLUM "AMERICAN BEAUTY"</p>  <p>WELCOME TO THE BACK</p> <p>★★★★<br/>KRYKKINGUR.COM<br/>★★★★<br/>KRYKKINGUR.COM<br/>★★★★<br/>KRYKKINGUR.COM</p> <p><b>JARHEAD</b></p> <p>SYND KL. 8 OG 10:30</p> |  <p>STEVE MARTIN<br/><b>CHEAPER DOZEN</b></p> <p>SYND KL. 6</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| <p><a href="http://www.laugarasbio.is">www.laugarasbio.is</a></p>                                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |

# The Rushes til Íslands

Breska hljómsveitin The Rushes, sem spilaði á Iceland Airwaves-hátíðinni í haust, heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum fimmtudaginn 16. febrúar.

The Rushes er skipuð þeim Gez O'Connell (söngur, gítar), Dan Armstrong (píanó, söngur, ásláttur) og Joe Allen (trommur). Sveitin hefur verið dugleg við tónleikahald í heimalandinu undanfarið og er með sína fyrstu breiðskífu í smíðum. Áður en hún kemur út mun EP plata með upptökum af tónleikum sveitarinnar líta dagsins ljós.

